

Háskólinn á Akureyri

Kennaradeild

Grunnskólabraut

2007

Höndin er dásamlegt verkfæri
en við þurfum að liðka hana og þroska

Þróun handavinnukennslu á síðustu öld

Halldóra Björg Sævarsdóttir

Jónína Vilborg Karlsdóttir

Lokaverkefni í kennaradeild

Háskólinn á Akureyri

Kennaradeild

Grunnskólabraut

2007

Höndin er dásamlegt verkfæri
en við þurfum að liðka hana og þroska

Þróun handavinnukennslu á síðustu öld

Halldóra Björg Sævarsdóttir

Jónína Vilborg Karlsdóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild

Leiðsögukennari: Rósa Kristín Júlíusdóttir

Við lýsum því hér með yfir að við einar erum höfundar þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Halldóra Björg Sævarsdóttir

Jónína Vilborg Karlsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

Rósa Kristín Júlíusdóttir

Útdráttur

Verkefni þetta er unnið sem lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2007. Eftirfarandi verkefni er ætlað að kynna þróun textílmenntar frá upphafi tuttugustu aldar og fram á tuttugustu og fyrstu öldina.

Handverkið er mikilvægur menningararfur íslensku þjóðarinnar en vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu hafa hannyrðir á heimilunum minnkað til muna. Grunnskólinn hefur því samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* fengið það hlutverk að kenna nemendum undirstöðuna í textílmennt. Einn þáttur í vitsmunapróun barna er sköpunarhæfnin sem er mikilvægt að örva með því að hvetja börnin til að tjá hug sinn og tilfinningar. Það er því í höndum skólanna að efla textílmennt sem námsgrein.

Í fyrri hluta verkefnisins er fjallað á fræðilegan hátt um textílmennt og sagt frá breytingum á lögum og reglugerðum á handavinnukennslunni. Kynntir eru íslenskir frumkvöðlar og erlendir fræðimenn sem aðhylltust verklega kennslu. Viðtöl voru tekin við textílkennara sem kennt hafa frá árinu 1975 til 2005. Þeir voru spurðir um hvert markmið þeirra með kennslunni hefur verið og svöruðu meðal annars eftirfarandi spurningum:

- ✓ Hvernig finnst þér skólahandavinna hafa breyst frá því þú varst ung og á þeim tíma sem þú varst/ert að kenna?
- ✓ Fannst/finnst þér aðalnámskrá hafi stýrt þinni kennslu og þá hvernig?
- ✓ Fannst/finnst þér mikilvægt að nemendur fái sjálfir að vinna hugmyndavinnu, skapa?

Að lokum er umfjöllun um þær breytingar sem orðið hafa í textílmennt.

Helstu niðurstöður okkar eru að töluverðar breytingar verða á greininni þegar jafnrétti kynjanna í textílmennt komst á seinni hluta síðustu aldar. Einnig er hægt að draga þá ályktun að textílmennt í dag er aðeins kynning á handverkinu þar sem nemendur öðlast ekki færni í greininni.

Abstract

This thesis is a B.Ed. dissertation from the Faculty of Education at the University of Akureyri in spring 2007, focusing on the development of textile education from the beginning of the 20th century and into the 21st.

Handicrafts are an important heritage of the Icelandic nation. However, because of altered social circumstances, handwork in the home has been significantly reduced. Consequently, the primary school has, in accordance with the *General Primary School Curriculum*, been allotted the task of teaching pupils the basics of textile education. Creativity is an aspect of children's intellectual development which should be stimulated by encouraging them to express their feelings and opinions. Thus it has become the role of the education system to develop textile education as a school subject.

The first part of the dissertation deals with theoretical aspects of textile education, outlining changes in law and regulations with regard to training in handicrafts. Icelandic pioneers are introduced and education experts in other countries who favoured the training in manual skills. Interviews were conducted with textile instructors who have taught during the period 1975 – 2005. They were asked what the objective of their teaching was and, among other things, answered the following questions:

- How do you feel school handicrafts have changed from the time when you were a young girl and through the period during which you are/were teaching?
- Do you feel the *General Primary School Curriculum* has directed your teaching, and if so, in what respects?
- Do you/did you consider it important that students should work on their own at the development of ideas, i.e. create something new?

Finally there is some coverage of changes that have occurred in textile education.

Our main conclusions are that the subject altered significantly when gender equality with regard to textile education was introduced in the latter part of the 20th century. It is also possible to conclude that current textile education is only an introduction to the handicraft, since students do not develop skills in the subject.

„Listir hafa fylgt mannum frá örófi alda og eru einn af hornsteinum manlegs samfélags. Með hjálp listarinnar hefur maðurinn tjáð tilgang og merkingu manlegrar tilveru og mótað umhverfi sitt.“

Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar 1999:7

Þakkarorð

Við viljum þakka þeim konum sem við tókum viðtöl við fyrir þeirra tíma og góðvilja í okkar garð. Eins viljum við þakka leiðsagnarkennaranum okkar henni Rósu Kristínu Júlíusdóttur fyrir allar þær athugasemdir og leiðbeiningar sem hún gaf okkur.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Lög, reglugerðir og aðalnámskrá	4
2.1	Lög frá 1907 og 1926.....	4
2.2	Lög 1936.....	5
2.3	Lög 1946.....	5
2.4	Námsskrá 1960.....	5
2.5	Aðalnámskrá grunnskóla 1977.....	6
2.6	Aðalnámskrá grunnskóla 1989.....	8
2.7	Aðalnámskrá grunnskóla 1999.....	9
2.8	Samantekt.....	11
3	Þróun textílmenntar	13
3.1	Guðmundur Finnbogason.....	13
3.2	Halldóra Bjarnadóttir.....	17
3.3	Jónas Jónsson.....	20
3.4	Guðrún Helgadóttir.....	23
3.5	John Dewey.....	25
3.6	Howard Gardner.....	27
3.7	Þróun.....	29
3.8	Niðurstöður.....	30
4	Könnun	32
4.1	Viðtöl.....	32
4.1.1	<i>Þátttakendur</i>	32
4.2	Mælitæki.....	32
4.3	Framkvæmd.....	32
4.4	Úrvinnsla.....	32
4.5	Niðurstöður.....	33
4.5.1	<i>Úrvinnsla viðtala</i>	33
4.6	Samantekt.....	33
5	Úrvinnsla	35
5.1	Túlkun.....	35
5.2	Námskrá.....	35
5.3	Textílmennt.....	37

5.3.1	<i>Prjón</i>	37
5.3.2	<i>Saumar</i>	39
5.3.3	<i>Útsaumur</i>	40
5.3.4	<i>Vinsældir textílmennatar</i>	41
5.3.5	<i>Bóklegt nám</i>	42
5.3.6	<i>Nauðsyn</i>	42
5.4	Sköpun	43
5.4.1	<i>Markmið</i>	44
5.5	Breytingar	44
5.5.1	<i>Kyn</i>	46
5.5.2	<i>Tíska</i>	46
5.5.3	<i>Sýning</i>	47
5.5.4	<i>Gamlar handverksaðferðir</i>	48
5.5.5	<i>Framtíð</i>	48
6	Lokaorð	50
	Heimildaskrá	52
	Fylgiskjal 1	55

1 Inngangur

Í gegnum tíðina hefur handverk verið stór hluti af íslenskri menningu og má þar nefna tóvinnu, vefnað og þrjónaskap. Handverk hefur mótast í gegnum menningu okkar því með handavinnu getur fólk skapað sér sinn eigin stíl, skapað hluti til skreytingar á heimili sínu og gefið persónulegar gjafir sem er uppspretta gleði og lífsfyllingar. Meðal annars vegna þessa er talið að textílmennt sé nauðsynleg öllum nemendum í grunnskólum svo þeir geti sýnt hvað í þeim býr með listsköpun sinni.

Höfundar höfðu áhuga á að kynna sér greinina textílmennt, fræðast um uppruna hennar sem námsgreinar og komast að því hverjir voru frumkvöðlar. Markmiðið með þessu lokaverkefni er að fjalla um þróun textílmenntar frá byrjun tuttugustu aldar fram á tuttugustu og fyrstu öldina. Við veltum fyrir okkur störfum textílkennara síðustu árin og tókum viðtöl við fjóra textílkennara sem kennt hafa handavinnu á árunum frá 1975 til 2005 til þess að varpa frekara ljósi á viðfangsefnið sem er þróun handavinnukennslu.

Í upphafi skoðum við fræðslulög og *Aðalnámskrá* til þess að átta okkur á þeim breytingum sem hafa orðið í tímanna rás. Því næst er fjallað um fræðimenn og frumkvöðla sem voru talsmenn handavinnukennslu á Íslandi og fræðimenn sem aðhylltust verklega kennslu. Sögulegt yfirlit yfir handavinnukennslu og þróun hennar er sett fram. Í fjórða kafla er fjallað um hvernig könnunin var framkvæmd og samantekt á niðurstöðum hennar. Í kafla fimm er úrvinnslan úr viðtölunum með tengingu við fræðilegu kaflana. Að lokum eru dregnar saman helstu breytingar sem orðið hafa á greininni.

Töluverðar breytingar hafa orðið á heiti greinarinnar frá því um nítján hundruð. Mörg heiti koma fram í námskránum yfir handavinnu. Hugtökin hannyrðir, handíðir, handmennt og textílmennt tákna það sama og verða notuð hér eins og þau tengjast mismunandi tímabilum og þeim tíðaranda sem fjallað er um hverju sinni.

Heiti ritgerðarinnar er fengið úr orðum Halldóru Bjarnadóttur sem birtust í tímaritinu *Hlín* árið 1945.

2 Lög, reglugerðir og aðalnámskrá

Námskrá er menningalegt tæki sem notað er til að velja það úr menningararfnum sem álitid er þess virði að miðla til næstu kynslóðar.¹

Hér á eftir skoðum við lög og aðalnámskrá til að kynnst þeim markmiðum sem sett hafa verið í handavinnukennslu. Farið verður aftur til ársins 1907 en þá var skólaskylda ennþá á herðum heimilanna. Í kennslu er mikilvægt að hafa í huga ákvæði þeirra laga og námskrár sem eru í gildi hverju sinni en mörg ákvæði námskrár eru þess eðlis að þau er hægt að skilja á mismunandi vegu. *Aðalnámskrá grunnskóla* ætlar hverjum skóla svigrúm til að útfæra eigin kennslu og setningu eigin markmiða. Þegar markmið í námskrá eru sett þarf að gæta að því að þau nái til þekkingar og skilnings, rökhugsunar, sköpunarhæfileika, innsæis, flókinnar færni og viðhorfa.²

2.1 Lög frá 1907 og 1926

Í lögum frá 1907/59 kemur ekkert fram um handavinnukennslu en heimilin áttu að sjá um að börnin lærðu undirstöðu í lestri og skrift. Þá var skólaskylda frá tíu til fjórtán ára.³

Lögin frá 1926/40, eru að mörgu leyti svipuð fyrri lögum nema að þar kemur fram að fræðslumálastjóra sé heimilt að veita skólahéruðum leyfi fyrir skólaskyldu sjö til tíu ára barna. Enn er ekkert minnst á handavinnu í þessum lögum.⁴ Halldóra Bjarnadóttir skrifar í tímaritið *Hlín* árið 1931 og segir að hún fari fram á það við Kennarasambandið, að handavinnukennsla verði bætt og sett inn í námskrá og rökstyður það þannig að handavinnan þroski bæði hug og hönd og veiti ágæta undirstöðu í verklegum störfum. Að mati Halldóru hafa heimilin ekki lengur á valdi sínu þá þekkingu sem til þarf og því þurfi að veita hana í skólanum. Halldóra segir einnig að hún hafi lagt þessar hugmyndir fyrir fræðslumálastjórn sem ekki hafi tekið undir málefnið og því snúi hún sér til Kennarasambandsins. Að mati Halldóru er ekki hægt að una við þetta lengur þar sem handavinna hefur verið kennd í 20 ár án nokkurra markmiða og því séu börnunum kenndar mismunandi aðferðir en þær verði að samræma.⁵

¹ Guðrún Geirsdóttir 1997:110

² Ingvar Sigurgeirsson 1999a:12-18

³ *Lög um fræðslu barna* 1907:381

⁴ *Lög um fræðslu barna* 1926:105

⁵ Halldóra Bjarnadóttir 1931:58-59

2.2 Lög 1936

Í lögnum frá 1936/94 er sett skólaskylda barna frá sjö til fjórtán ára aldurs en þá er fullnaðarprófs krafist. Þar kemur fram að nemendur eiga að fá kennslu í handavinnu en ekkert minnst á neinn tímafjölda.⁶ Því má draga þá ályktun að skrif Halldóru Bjarnadóttur í *Hlín* hafi skilað einhverjum árangri þar sem handavinnukennsla er nú komin inn í námskrá.

2.3 Lög 1946

Í lögnum frá 1946/34 kemur fyrst fram að hlutverk skólanna sé að aðstoða nemendur við að velja námsgreinar eftir þroska, getu og þörfum bæði líkamlega og andlega. Barnaskólanum er skipt í tvær deildir, yngri deild og eldri deild, og í þeim báðum talað um að kenna skuli handavinnu. Þar kemur einnig fram að skipting námsgreina skuli sett í námsskrá sem gefin er út af fræðslumálastjórn⁷ og í grein 22 frá sama ári eru skólastigin orðin fjögur: barnafræðslustig, gagnfræðastig, menntaskóla- og sérskólastig og háskólastig.⁸

2.4 Námsskrá 1960

Töluverð breyting kemur fram í *Námsskrá* 1960 sem er ætluð fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri. Námsskránni er ætlað að gegna því hlutverki að leiðbeina skólastjórum og kennurum um aðferðir og námsefni. Þar er komið inn á að nauðsynlegt sé að miða námsefnið við aldur og þroskastig nemenda. Skólinn getur óskað eftir aukinni verklegri kennslu með samþykki fræðslumálastjóra ef þörf er talin á því.⁹

Hér er handavinna stúlkna og drengja aðskilin. Markmið með handavinnukennslu stúlkna kemur kunnuglega fyrir sjónir en það er að kennslunni sé ætlað að æfa hug og hönd svo þær læri að meta líkamlega vinnu. Þroska þurfti vandvirkni og efla þekkingu þeirra á þeim efnum, litum og vali verkefna sem þær unnu úr. Þeim var nauðsynlegt að læra að meta vandaða vinnu hvort heldur sem var til skrauts á heimilum eða til almennrar notkunar. Námsefni yngstu stúlkanna var byggt upp á ýmiskonar föndri til dæmis

⁶ *Lög um fræðslu barna* 1936:292

⁷ *Lög um fræðslu barna* 1946:52-57

⁸ *Lög um fræðslu barna* 1946:34

⁹ *Námsskrá* 1960:6

pappírsvinnu, kartöfluprykki og teikningu. Um níu ára aldur áttu þær að læra að fitja upp og þrjóna garðþrjón, sauma handavinnupoka þar sem þær lærðu að þræða og falda ásamt því að skreyta með ýmsum útsaumssporum. Tíu og ellefu ára lærðu þær að hekla og áfram var unnið með þrjón og saumavélar en á tólfta ári áttu þær að þrjóna háleista og læra undirstöðuatriði í fatasum. Á unglingastigi í fyrsta og öðrum bekk var unnið áfram með saumavélar, úrtaka og útaukning var æfð í þrjóni og útsaumur var tekinn meira inn síðan þyngdist viðfangsefnið í fatasum og þær þrjónuðu barnaháleista.¹⁰

Markmið með handavinnukennslu drengja var að þroska hug þeirra og hönd, temja þeim reglusemi og snyrtimennsku, örva form- og litaskynjun, nýta efnivið og bera virðingu fyrir líkamlegri vinnu. Hjá drengjum var handavinnukennslan öðruvísi uppbyggð en hjá stúlkum. Sjö til níu ára drengir lærðu að vinna með vír, leir, bast og pappír. Níu til tíu ára lærðu þeir undirstöðuatriði í smíðum og að nota þau verkfæri sem að smíðunum tilheyra ásamt lakk- og málningarvinnu. Tólf ára drengjum skyldi kennd rennismíði, að hefla og verkfæri kynnt. Einnig skyldi kenna þeim pappa- og leðurvinnu, ásamt því að þeir lærðu að fara með nál og tvinna til þess að geta gert við, fest tölu og stoppað í sokka.¹¹

Á unglingastigi drengja var áfram unnið með trésmíði, þeir lærðu málmsmíði og tækjasmíð ásamt því að þeim var kennd undirstöðuatriði bókbands og flugmódelismíði.¹² Í þessari *Námsskrá* flokkast þessi hugtök sem á undan koma undir handavinnukennslu en í dag er þetta kallað smíðar.

2.5 Aðalnámsskrá grunnskóla 1977

Með þessari *Aðalnámsskrá* er unnið út frá grunnskólalögum 1974 og jafnréttislögum 1975 þar sem greinilega breytingu má sjá á áherslum og markmiðssetningum. Sem dæmi um áhrif jafnréttislaganna er hætt að gera greinarmun á handavinnukennslu drengja og stúlkna og farið að tala um nemendur sem eina heild.

Meginmarkmið handavinnukennslu samkvæmt *Aðalnámsskrá grunnskóla* frá 1977 er að vekja áhuga og auka þekkingu nemenda á verkmenningu. Einn af undirstöðuþáttum náms og þroska er þar sagt vera samspil hugar og handa. Auk þess sem þar segir að hæfileikann til að skynja, læra og skilja beri að þroska með eðlilegum námsaðferðum. Nauðsynlegt er

¹⁰ *Námsskrá* 1960:53-54

¹¹ *Námsskrá* 1960:55-56

¹² *Námsskrá* 1960:56-57

talið að efla sköpunarhæfileika, hugmyndaflug og sjálfstraust, rækta samstarfshæfni og félagsþroska, ásamt því að stuðla að sjálfsbjargarviðleitni nemenda. Nemendur mótast og þroskast af þeirri veröld og umhverfi sem þeir tilheyra með því að skoða með höndunum alla hluti. Þeir þurfa að snerta, reyna hlutina en nægir ekki bara að hlusta og sjá því nemendur hafa mikla þörf fyrir að afla sér þekkingar, rannsaka, leita lausna og finna þær. Með skýrri hugsun og frjóu hugmyndaflugi byggist skapandi starf.¹³

Í þessari *Aðalnámskrá* er búið að sameina markmið í mynd- og handmenntakennslu. Með markmiðunum á að leitast við að þjálfra og þroska nemendur á líkama og sál og efla hæfni og getu þeirra.¹⁴ Á hverju aldurstigi er áhersla lögð á að frumkvæði nemenda fái að njóta sín við skapandi viðfangsefni og stuðla skuli að vinnugleði í handavinnukennslu sem verður síðan hvatning til sjálfstæðrar sköpunar og vekur frumkvæði í öllu öðru námi. Nemendur í þriðja til fimmta bekk læra að sauma út, fá undirstöðuatriði í prjóni, læra á saumavél og kynnast efnisfræði. Í sjötta til níunda bekk er haldið áfram að æfa prjón, nemendur læra að sníða og sauma fjölbreyttari hluti og áfram er unnið í efnisfræði.¹⁵

Það er athyglisvert að í þessari námskrá er komið inn á að þeir nemendur sem dveljast á sjúkrahúsum eða endurhæfingarstöðvum þurfi að komast í snertingu við skapandi starf og listtjáningu. Nám þetta er þannig tengt lækningar- og endurhæfingaraðferð sem talin er geta hjálpað og styrkt hreyfingar og færni nemenda og sögð ómetanleg fyrir geðheilsuna og líkamlegan og andlegan þroska.¹⁶ Þarna má sjá hugmyndir um nauðsyn þess að kenna handavinnu þar sem það er talið að hún létti lund og hjálpi til við þjálfun á fínhreyfingum. Eins kemur fram að reiknað sé með samþættingu og að efla skuli tengsl milli handmenntagreinanna og annarra greina grunnskólans. Sérstök áhersla er lögð á samþættingu innan mynd- og handmenntagreinanna, eins og skörun við stærðfræði þar sem ákveða þarf stærðir, lengdir þráða, reitafjölda í rúðumynstri og lykkjufjölda. Einnig má tengja mynd- og handmenntir samfélagfræði, þar sem fjallað er um listir og menningarsögu, nútímalist og verkmenningu¹⁷

¹³ *Aðalnámskrá grunnskóla - mynd- og handmennt* 1977:2-3

¹⁴ *Aðalnámskrá grunnskóla - mynd- og handmennt* 1977:19

¹⁵ *Aðalnámskrá grunnskóla - mynd- og handmennt* 1977:33-34

¹⁶ *Aðalnámskrá grunnskóla - mynd- og handmennt* 1977:6

¹⁷ *Aðalnámskrá grunnskóla - mynd-og handmennt* 1977:12

2.6 Aðalnámskrá grunnskóla 1989

Í þessari *Aðalnámskrá* er meginmarkmið og hlutverk grunnskóla að mennta börn og unglinga í samvinnu við heimilin og aðra fræðslu- og uppeldisaðila. Það sem átt er við með menntun er að fræða og þroska einstaklinginn og veita félagslegt uppeldi. Komið er inn á tengsl skóla og samfélags, áhrif þjóðfélagsbreytinga og varðveislu íslenskrar menningar.¹⁸

Myndmennt, hannyrðir og smíði flokkast undir mynd-og handmennt. Með kennslu í handíðum segir: að þroska eigi fagurskyn nemenda og þá hæfileika sem þeir búa yfir. Komið er inn á lög um jafna stöðu kynja, að ekki eigi að skipta nemendum í hannyrðum og smíðum eftir kyni. Mikilvægt er að virkja starfsvilja og sköpunarhæfileika nemenda með því að efla skilning, sjálfstraust og þekkingu. Það er mjög mikilvægt að viðfangsefnin séu við hæfi og höfði þannig til starfslöngunar og sköpunargleði. Með fjölbættri og markvissri þjálfun er markmiðið að gera nemendur sjálfstæðari. Einnig er hér lagður grunnur að góðri verkmennt og þjálfun sem nýtist inn í atvinnugreinar þjóðfélagsins á ýmsan hátt. Ef nemendur eiga að geta umbreytt skapandi hugsun eða hugmynd í sýnilegt verk þurfa þeir að hafa á valdi sínu vissa þekkingu og verktækni sem nýtist þeim í sköpun sinni.¹⁹

Markmiðið í upphafi skólagöngu til loka annars bekkjar er að þroska og þjálf huga og hendur nemenda og vekja þá til vitundar um hæfni sína og getu sem hjálpar þeim síðar til frumkvæðis og sjálfstæðrar sköpunar í öllu námi. Á þessum árum er talið nauðsynlegt að hefja skipulega uppbyggingu mynd- og handmenntanáms því ef rétt er staðið að náminu örvar það félagslega aðlögun og heildarþroska nemenda. Komið er inn á mikilvægi þess að nemendur þjálfist sem fyrst í að nota saumavél og eins er vefnaður nefndur sem uppbyggjandi verkþáttur sem hægt er að framkvæma á marga vegu. Betra er talið að hafa fleiri einföld verkefni svo fljótlega sé árangur sýnilegur og nemendur kynnist hugtökum yfir efni og framkvæmd verkefna.²⁰ Markmið í þriðja til áttunda bekk er áframhaldandi uppbygging á frumkvæði nemenda og það að efla vilja þeirra og sköpun til framkvæmda á hlutum sem prýða munu heimili. Tilgangur með hannyrðanámi er meðal annars sagður

¹⁸ *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:8

¹⁹ *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:88-90

²⁰ *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:92-98

vera að halda í algeng vinnubrögð sem fylgt hafa þjóðinni og gefa nemendum tækifæri á að tjá hugmyndir sínar í tómsundum. Nemendur vinna áfram með saumavélina en við lok áttunda bekkjar eiga þeir að hafa saumað sér einfalda flík. Þeir fá aukna þjálfun í mismunandi þrjónaaðferðum. Í útsaumi vinna þeir út frá eigin hugmyndum og kynnast eldri útsaumsaðferðum ásamt því að ætlast er til að nemendur geti gert sér grein fyrir mismunandi eiginleikum efna og meðferð þeirra.²¹

2.7 Aðalnámskrá grunnskóla 1999

Töluverð breyting verður á *Aðalnámskrá 1999*. Er farið miklu ýtarlegar í markmið og leiðir í sambandi við það hvernig er hægt að útfæra kennslu í skólanum en áður. Þar er gert ráð fyrir að kennslustundir séu 4 x 40 mínútur í listum²² en undir listir flokkast tónmennt, dans, leikræn tjáning, myndmennt og textílmennnt. Textílmennnt er kennd 2x40 mínútur hálfan veturinn.

Boðið er upp á val í níunda og tíunda bekk en tilgangurinn með valinu er fyrst og fremst sá að laga námið sem best að einstaklingnum og hans þörfum. Taka verður tillit til áhugasviða hans og framtíðaráforma og samstarf þarf að vera á milli foreldra og starfsfólks skólans.²³

Í nýju aðalnámskránni er textílmennnt sögð uppspretta ánægju og lífsfyllingar fyrir nemendur í því að búa til hluti og nýta þannig efnisheiminn milliliðalaust. Í nútímasamfélagi er sú þekking, skilningur og færni sem efnisheimurinn hefur gefið okkur talinn vera undirstaða verkmenningar því þráðamenningin hvílir á rótgrónum hefðum og þróun síðustu alda. Aðferðir og tækni felast þannig ekki einungis í verkmenningararfinum heldur líka í fagurfræðinni sem kallast getur tungumál manngerðs umhverfis. Það má segja að textílmennnt sé stór þáttur í íslenskri menningu og er þar helst að nefna þrjón, tóvinnu, íslenskan útsaum og vefnað sem er einn af gersemum íslensku listasögunnar. Þetta er arfleifið þjóðarinnar sem allir verða að þekkja og er veganesti til framtíðar.²⁴

²¹ *Aðalnámskrá grunnskóla 1989:93-101*

²² *Aðalnámskrá grunnskóla - almennur hluti 1999: 29*

²³ *Aðalnámskrá grunnskóla - almennur hluti 1999: 29-30*

²⁴ *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar 1999:33*

Þegar breytingar eiga sér stað í þjóðfélaginu þá er verkleikni á hannyrðasviðinu trygging ákveðinna lífsgæða og samfélagsleg auðlind. Í *aðalnámskránni* kemur fram að nauðsynlegt sé að skila þessum menningararfi áfram samstíga þeim tímum sem þjóðin lifir í.²⁵ Skilgreina má nám í textílmennt eftir ákveðnum færniþáttum sem eru: skynjun, greining og mat annars vegar en sköpun, túlkun og tjáning hins vegar. Byggja skal kennsluna og flokka þætti hennar þannig upp að komið sé inn á skilning, færni og þekkingu. Í þessu sambandi er horft til aldurs og þroska nemenda.²⁶

Í þessari *Aðalnámskrá* eru markmið textílmenntar flokkuð eftir skólastigum. Þau skiptast í þrepamarkmið, áfangamarkmið og lokamarkmið. Þrepamarkmið eru fyrir hvern bekk en áfangamarkmið eru í lok hvers stigs og aðeins er eitt lokamarkmið.²⁷

Á yngsta stigi er talið mikilvægt í upphafi að tengja viðfangsefnið við hugarheim nemenda, stuðla að frumkvæði og vinnugleði með því að horfa til þess að kynin hafa ólík áhugamál. Þar er inntakspáttur textílmenntar kynntur en á síðari stigum er farið dýpra í þá.²⁸ Í lok 4. bekkjar eru áfangamarkmið í textílmennt þau að nemandi þarf að geta nýtt sér einfaldar vinnuáðferðir greinarinnar, svo sem saum, þrjón og þrykk. Hann þarf að geta beitt áhöldum sem notuð eru, unnið eftir fyrirmælum og gert sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut. Sýna þarf fram á þekkingu á eiginleikum textílefna og læra heiti og hugtök sem tengjast hinum ýmsu verkefnum eins að kynnast einkennum hvers tímabils í sögunni og þekkja dæmi um textílverk sem gerð hafa verið á Íslandi. Nemandi þarf við eigin sköpun að geta nýtt sér fagurfræðileg sjónarmið eins og liti og form.²⁹

Á miðstigi skal efla getu nemenda til samstarfs, hæfileika til að vinna sjálfstætt, að þeir fái reynslu í gegnum skapandi vinnu en hafa verður í huga ólík áhugamál einstaklinga. Nemendur kynni sér sögu ullar og heimsæki vinnustofur hönnuða og handverksaðila.³⁰ Með áfangamarkmiðum við lok 7. bekkjar þarf nemandi að geta nýtt sér vinnulag og áðferðir textíla, gert einfaldar skissur, hafa þekkingu á og geta beitt vélum og áhöldum greinarinnar. Hann þarf að geta unnið með handbækur, farið eftir skriflegum leiðbeiningum og hafa kynnst notkun á tölvum í tengslum við textílvinnu. Nemandi þarf

²⁵ *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:34

²⁶ *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:35

²⁷ *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:5-6

²⁸ *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:38

²⁹ *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:38

³⁰ *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:43-45

að hafa kynnst vefjarefnafræði og kunna skil á því hvort textílefni eru þrjónuð eða ofin og hvernig ofnotkun efna getur haft áhrif á náttúruna. Hann þarf að gera sér grein fyrir tengslum íslensks handverks og heimilisiðnaðar ásamt því að skilja mikilvægi góðrar umgengni og vandaðra vinnubragða.³¹

Á unglíngastigi er lögð áhersla á að unnið sé út frá fyrri þekkingu og að nemendur geti unnið sjálfstætt. Þar sem textílmennt er valgrein í 9. og 10. bekk er mælt með því að nemendum standi til boða textílnám sem leiðir þá að notkun textíla, nýsköpunar og hönnunar.³²

Áfangamarkmið í lok 10. bekkjar koma inn á það að unnið sé með eigin hugmyndir út frá hinum ýmsu aðferðum textílgreinarinnar. Nemandinn þarf að skilja möguleika tölvu- og margmiðlunartækni í tengslum við vinnuna, ná að þróa og endurmeta hugmyndir á öllum stigum. Hann þarf að kunna að leita eftir upplýsingum um textíla, hönnun og tísku og gera greinarmun á fjöldaframleiðslu og handverki. Einnig eiga nemendur að fá innsýn í þær greinar sem tengjast fatagerð meðal annars með vettvangsferðum.³³

Lokamarkmið textílmenntar er að nemandinn hafi áunnið sér þekkingu og færni í undirstöðuáðferðum fagsins, til eigin sköpunar og skilnings á handverki og hönnun. Hann þarf að gera sér grein fyrir tengslum handverks og hönnunar á menningarlegan hátt og hafa færni til að skynja og meta hagnýtt gildi þeirra.³⁴

2.8 Samantekt

Þótt kennsla hafi hafist í handavinnu í sumum skólum landsins um aldamótin 1900 var ekkert að finna um það í fræðslulögunum fyrr en 1936. Í lögunum 1946 er ekkert minnst á hvað á að kenna einungis að í yngri og eldri deild skuli kennd handavinna. Í *Námsskránni* 1960 er handavinna kynjaskipt og markmið hennar mismunandi. Bæði kynin eiga að efla hug og hönd en stúlkum er kennt það sem snýr að heimilinu, skreytingu þess og fatasaum en drengir fá kennslu í hagnýtri vinnu og hafa meira svigrúm til sköpunar. Mikil breyting verður með *Aðalnámsskránni* 1977 en þar er kynjaskipting afnumin og nemendur eiga að læra það sama í handmennt. Þeir eiga þá að fá kennslu í

³¹ *Aðalnámsskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:43-44

³² *Aðalnámsskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:48

³³ *Aðalnámsskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:48-53

³⁴ *Aðalnámsskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:37

smíðum hálfan veturinn og í hannyrðum hinn helminginn en tími greinarinnar verður þar af leiðandi helmingi minni þar sem tímafjöldi er ekki aukin til samræmis við þetta. Það er útlistað mjög ýtarlega í *Aðalnámskránni* frá 1977 hvað á að gera í hverjum bekk og möguleikarnir um það hvernig er best að framkvæma það. *Aðalnámskráin* 1989 er töluvert breytt frá eldri *Aðalnámskrá*. Markmið eru gefin fyrir marga bekki í einu en ekki tíunduð eins og áður var. Kennarar hafa því meira frjálsræði um hvenær þeir byrja að kenna þrjón eða saumaskap en hekl virðist hafa dottið út nema aðeins er minnst á það í sambandi við val á unglingastigi. Mikil breyting verður á *Aðalnámskránni* frá 1999 þar sem hún er miklu ýtarlegri á allan hátt og mikið lagt upp úr að nemendur fái að láta listsköpun sína njóta sín. *Aðalnámskráin* frá 1999 hefur verið endurskoðuð og aðeins litlar breytingar koma þar fram. Þegar kemur að markmiðum þá eru þrepamarkmið nú sett í viðauka til leiðsagnar ásamt því að ekki er minnst á neinn tímafjölda sem greininni er ætluð.³⁵

³⁵ Menntamálaráðuneytið 2007

3 Þróun textilmenntar

Verkhæfni, nú sem fyrr, er þjóð okkar sem heild efnahagslegur styrkur, stuðlar að verðugu mati lista og sköpun menningarverðmæta.³⁶

Hér munum við fjalla um þróun handavinnukennslu frá því í byrjun 20. aldar og fram til ársins 2005. Til þess að geta fjallað um þróun handmenntar er nauðsynlegt að kynnst þeim mönnum sem unnu ötullega að því að handavinna yrði kennd í skólum landsins. Einnig ætlum við að kynnst þeim fræðimönnum sem hafa látið sig varða nauðsyn verknáms eða lagt sérstaka áherslu á mikilvægi þess. Guðmundur Finnbogason, Halldóra Bjarnadóttir og Jónas Jónsson komu fram með hugmyndir sínar á svipuðum tíma, þau héldu öll verkmenntun á lofti og töldu hana nauðsynlega hverjum nemanda.

3.1 Guðmundur Finnbogason

Með riti Guðmundar Finnbogasonar, *Lýðmenntun*, urðu tímamót í íslenski alþýðufræðslu þar sem boðskapur bókarinnar, ásamt lagasetningu sem fylgdi í kjölfarið, batt enda á hefðbundna kristindómsfræðslu í heimahúsum. Í framhaldi af því lögðu opinber stjórnvöld grunn að almenningsfræðslu í landinu.³⁷

Guðmundur Finnbogason var fæddur á Arnarstapa þann 6. júní 1873. Foreldrar hans voru bændafólk og ólst hann upp hjá þeim til tíu ára aldurs en fluttist þá til föðursystur sinnar að Möðrudal á Fjöllum. Upphaf menntunar hans var heimafræðsla, eins og yfirleitt var á þeim tíma en um fermingu fékk hann tilsögn sóknarprests m.a. í erlendum málum. Síðar bað hann séra Einar Jónsson, síðar prófast í Vopnafirði, að undirbúa sig undir nám í Latínuskólanum. Eftir að stúdentsprófi lauk fór Guðmundur til Kaupmannahafnar eins og margir Íslendingar sem hugðu á langskólanám. Guðmundur lagði stund á sálfræði og heimspeki í Hafnarháskóla og lauk þar magisterprófi árið 1901. Eftir að heim var komið starfaði hann sem embættismaður í ýmsum opinberum störfum og eins var hann umsvifamikill fræðimaður og rithöfundur.³⁸

Á þessum tíma var einungis um heimafræðslu að ræða sem húsbændur áttu að sjá um en eftirlitsskyldan var í höndum presta. Þingmenn höfðu reynt að breyta skipun fræðslumála

³⁶ *Aðalnámskrá grunnskóla – mynd- og handmennt* 1977:28

³⁷ Guðmundur Finnbogason 1994:9

³⁸ Guðmundur Finnbogason 1994:11-13

á þann veg að ríkið tæki fræðslumálin af kirkjunni en án árangurs. Guðmundur fékk styrk frá Alþingi til að kynna sér ástand skólamála hér á landi og finna nýjan grundvöll fyrir fræðslumálin. Hann ferðaðist um landið og kynnti sér farkennslu og kennslu í þeim skólum sem voru starfandi en einnig ræddi hann við kennara og presta og skoðaði húsnæði allra skóla í landinu. *Skýrslan um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903 – 1904*, sem Guðmundur samdi eftir ferð sína, staðfestir að mennta- og uppeldismál þjóðarinnar voru ekki í eins góðu lagi og þau áttu að vera. Með ritinu *Lýðmenntun og Skýrslu um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903 – 1904* að leiðarljósi samdi Guðmundur frumvarp sitt til laga um barnafræðslu. Frumvarp þetta var meginuppistaða í þeim fræðslulögum sem litu dagsins ljós á Alþingi 1907.³⁹

Guðmundur tókst á við ögrandi verkefni þegar hann lagði upp með að skýra gildi menntunar og skipan skólamála fyrir samlöndum sínum. Í *Lýðmenntun*, sem er nokkurs konar gunnfáni íslenskrar almenningsmenntunar, kemur fram menntastefna sem er bæði heildstæð og ígrunduð hvað varðar markmið, aðferðir í lýðfræðslu og inntak náms. Tillögur eru settar fram um heildarskipan skólakerfisins með það að leiðarljósi að efla menntun Íslendinga og þar með er grunnur lagður að efnahagslegu og menningarlegu sjálfstæði þeirra.⁴⁰ Heildarsýn Guðmundar varðandi menntun kemur skýrt fram í *Lýðmenntun*. Hann leggur áherslu á að hver einstaklingur sé heill og óskiptur og ekki megi vanrækja neinn þátt í eðli hans. Þetta kemur glöggt fram í eftirfarandi orðum hans:

skörp skynfæri, víðsýnn og skarpskyggn skilningur bæði á því sem *er* og hinu sem *gæti* verið og vera *ætti*, auðvakið yndi af og ástundun á því sem miðar að farsæld og fullkonnun mannkynsins í bráð og lengd og líkami er hlýðir fljótt og vel boðum sálarinnar og banni – allt þetta í hæfilegum hlutföllum og náinni samvinnu hvað við annað eru aðaleinkenni sannrar menntunar.⁴¹

Með þessum orðum má segja að hægt sé að tengja hugmyndir Guðmundar við Aristoteles en hann lítur svo á að höndin sé aðaláhaldið en engar verklegar framfarir eiga sér stað án andlegra framfara.⁴²

Guðmundur vitnar í bók sinni *Lýðmenntun* í grein eftir Jón Þórarinsson skólastjóra sem segir að skólaiðnaðurinn sé ágætis starf sem glæðir lífskraftinn, eykur starfsgleði og áhuga nemandans og er því ágætis uppeldismeðal. Með því er ýtt undir virðingu fyrir

³⁹ Guðmundur Finnbogason 1994:11-16

⁴⁰ Guðmundur Finnbogason 1994:18

⁴¹ Guðmundur Finnbogason 1994:19

⁴² Guðmundur Finnbogason 1994:53

líkamlegri vinnu og ánægju af henni og um leið er þeirri heimskulegu skoðun ýtt til hliðar að líkamleg vinna sé ekki eins góð og hin andlega vinna en hún hefur löngum verið orsök stéttarígs, þar sem annað hefur verið talið hinu æðra. Með iðju sinni lærir nemandinn að nota skynfærin, tengja saman hug og hönd, starfar af gjörhygli og skynsemi til að stjórna höndinni, með því öðlast hann verksvit.⁴³ Þarna er mönnum orðið ljóst að andleg og verkleg menntun verður að haldast í hendur og börn verða á unga aldri að læra að nota hendurnar. Fram kemur hjá Rósu Kristínu Júlíusdóttur í erindi eftir hana, í bókinni *Andans arfur*, sem fjallar um fræðimanninn Guðmund Finnbogason, að börn geti aukið víðsýni sína á heiminum sem þau alast upp í, í gegnum listir. Hún bendir á að Guðmundi var fulljóst að í hverjum einstaklingi er löngun og viðleitni til að móta myndir af umheiminum, sem er einn þáttur í þörfinni sem býr hjá hverri heilbrigðri sál, láta í ljós og gera sjálfum sér og öðrum sýnilegt það sem fram fer í vitundinni.⁴⁴

Guðmundur vildi að skólaiðnaður væri jafnmenntandi fyrir bæði kynin og að hann mundi veita þeim líkamlegan og andlegan þroska og kunnáttu sem komið gæti þeim að gagni í daglegu lífi. Hann telur að stúlkur komist ekki hjá því að hafa þekkingu sem snýr að hannyrðum. Þær þurftu að geta haldið á nál, skærum og þrjónum. Eins þurftu þær að kunna að sníða, sauma og bæta fatnað. En eins og Guðmundur segir getur það talist hjákátlegt að kunna útsaum og hekl en ekki að þrjóna sokk eða bæta fatnað.⁴⁵

Halldóra Bjarnadóttir var hlynnt því að bæði kynin kynnu að þrjóna því henni fannst nauðsynlegt að þau gætu bæði bjargað sér. Í dag er ekki lögð áhersla á að nemendur geti bætt sokka eða annan fatnað og ekki heldur að þeir geti þrjónað vettlinga eða sokka því þeir læra aðeins undirstöðuatriðin í þrjóni. Því má segja að markmiðið með handavinnukennslu sé ekki það að stúlkur þurfi að hafa þessa þekkingu eins og Guðmundur talar um heldur er meira um það að nokkurs konar grunnur sé lagður, að þekkingu þeirra. En þar sem nemendur fá svo fáa tíma í handavinnu þá ná þeir hugsanlega ekki þeirri þjálfun sem þeir þurfa á að halda til að öðlast einhverja færni í verklegum greinum. Fram kemur hjá Lofti Guttormssyni í *Andans arfi* að Guðmundur meti það svo að gildi menntunar gagnist jafnt einstaklingunum og heildinni.⁴⁶

⁴³ Guðmundur Finnbogason 1994:102

⁴⁴ Rósa Kristín Júlíusdóttir 2005:122

⁴⁵ Guðmundur Finnbogason 1994:104

⁴⁶ Loftur Guttormsson 2005:75

Til að ná fram hinum margvíslegu menntaþörfum þjóðarinnar allrar er nauðsynlegt að heimilin leggi til undirstöðuna en þegar vissum líkamlegum og andlegum þroska er náð og heimilin ekki lengur í stakk búin til að fullnægja menntakröfunum er talið að öll börn eigi að hafa tækifæri á að komast í almenna menntaskóla. Góð samvinna verður að vera á milli heimilis og skóla.⁴⁷ Því fé sem fer í að mennta afkomendur þessa lands er vel varið og ætti að vera hverjum manni auðskilið að menntunin er auðæfi þjóðarinnar. Hér er hægt að horfa til þeirra líkamlegu gæða eins og framleiðslu, verslun og iðnað og andlegu gæða sem snúa að siðgæði eins og trú, listum og vísindum.⁴⁸ Guðmundi finnst að takmark lýðskólanna ætti að vera að veita æskulýðnum almenna menntun og skyldi hún byggjast á þjóðlegum grundvelli. Þar ætti að hans mati að kenna sömu námsgreinar og í öðrum löndum því þær eru jafn mikilvægar fyrir Íslendinga og aðra. Skyldunámsgreinarnar ættu að vera móðurmál, landafræði, kristindómur, reikningur, náttúrufræði, teikning, skrift, leikfimi og söngur. Hann taldi einnig nauðsynlegt að handavinna yrði kennd báðum kynjum en erfitt gæti verið að fá þær námsgreinar viðurkenndar í byrjun þar sem þeim fylgir aukakostnaður.⁴⁹

Eins og kemur fram hér að framan vildi Guðmundur að allar námsgreinar væru metnar jafnt og bæði kynin ættu að fá sömu kennslu. Ekki er víst að hann hafi ætlast til að drengir lærðu allt sem snýr að handavinnu heldur ættu þeir að geta bjargað sér með viðgerðir á fatnaði sínum. Guðmundur kemur ekki inn á það að stúlkur ættu að fá að kynnast smíðum eða annarri handavinnu drengja. Þetta hefur breyst því nú fá bæði kynin að fara í smíðar og textílmennt. Hægt er að fullyrða að Guðmundur hafi með atorku sinni í skólamálum lagt grunninn að menntastefnu dagsins í dag og þar með talið verklegum greinum þó ekki hafi komið fram í fræðslulögunum 1907 ákvæði um að kenna skyldi handavinnu. Þó Guðmundur hafi ekki vitnað í Dewey í skrifum sínum er hægt að lesa út úr áherslum hans í Lýðmenntun tengingu í fræði Dewey vegna þess að þeir hallast báðir undir verkhyggju þar sem höndin stjórnar huganum. Á þessu má sjá hvað Guðmundur var framsýnn í menntamálum því hundrað árum seinna eru áherslur hans enn í gildi.

⁴⁷ Guðmundur Finnbogason 1994:128

⁴⁸ Guðmundur Finnbogason 1994:131

⁴⁹ Guðmundur Finnbogason 1994:140-141

3.2 Halldóra Bjarnadóttir

Ein þeirra fræðikvenna sem lagði mjög mikla vinnu í að koma handavinnu inn í skólana var Halldóra Bjarnadóttir. Hún fæddist 14. október 1873 að Ási í Vatnsdal. Hún bjó með foreldrum sínum að bænum Hofi í sömu sveit til níu ára aldurs en þá skildu foreldrar hennar og flutti hún þá með móður sinni til Reykjavíkur en sama ár flutti faðir hennar til Vesturheims. Halldóra fór í Barnaskóla Reykjavíkur í tvö ár en ákvað að hætta því þá var til síðs að læra frekar heima.⁵⁰

Sautján ára gömul byrjaði hún að kenna, fékk hún þar góða undirstöðu í kennarastarfinu sem markaði upphaf á hennar kennsluferli og næstu fimm vetur stundaði Halldóra farkennslu og heimiliskennslu þar sem hún kenndi ekki bara börnum og unglingum hannyrðir heldur líka almennar námsgreinar.⁵¹ Á sumrin lærði Halldóra fatasaum þá aðallega karlmannafatasaum og sú reynsla nýttist henni allt lífið. Halldóru fannst nauðsynlegt að afla sér meiri þekkingar eins og fram kemur í ævisögu hennar:⁵²

...reynði ég allt hvað ég gat, að afla mér meiri þekkingar milli kennsluvetranna. En alltaf sá ég það betur og betur, að ófært var að halda svona áfram, án þess að fá meiri menntun. [...] Hvar áttir ég að fá hana og hvernig? Enginn stofnun var þá til í landinu, sem veitti kennaramenntun⁵³

Með dyggri aðstoð móður sinnar og góðra vina hjálp hélt hún því til Noregs árið 1896 þar sem langþráður draumur hennar rættist. Hún byrjaði í undirbúningsnámi í Kennaraskólanum í Osló og innritaðist ári seinna í sama skóla og lauk þaðan kennaraprófi 1899.⁵⁴

Eftir að heim var komið byrjaði Halldóra að kenna við Barnaskólann í Reykjavík en fékk þó ekki fasta stöðu. Hafði hún mikinn áhuga á að innleiða ýmislegt með kennsluaðferðum sem hún hafði lært á námsárum sínum eins og til dæmis umgengni við börnin. Eftir eitt ár við kennslu í Barnaskóla Reykjavíkur segir Halldóra starfi sínu lausu þar sem hún fær ekki fast starf. Halldóra hélt þá aftur til Noregs þar sem hún starfaði þar til hún var ráðin skólastjóri við Barnaskólann á Akureyri 1908. Halldóra hafði þá

⁵⁰ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:24-58

⁵¹ Guðrún Helgadóttir [án árs]:7

⁵² Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:65-67

⁵³ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:67

⁵⁴ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:68-85

samband við Guðlaug sýslumann á Akureyri og spurði hvort handavinna yrði ekki kennd við skólann. Ekki var hann viss um það en ætlaði að skoða málið.⁵⁵

Áhugi Halldóru á handavinnukennslu kemur fram í æviminningum hennar en þar segir hún:

Ég hafði ekki kennt handavinnu í Moss. Það gerðu aðrir kennarar í hinum stærri skólum, en ég hafði kennarapróf í þeirri grein. Ég þóttist sjá, að sú námsgrein var ein hin þarfasta í barnaskólum, ekki síst vegna þeirra barna, sem áttu erfitt með að fylgjast með í munnlegum námsgreinum, að æfa huga og hönd jafnframt var hollt og þroskandi. ... Það fór líka svo, að þessi undirstöðuatriði handavinnukennslu á Íslandi urðu aðaláhugamál mín héðan af: Handavinna barna og heimilisiðnaður⁵⁶

Halldóra kom strax á handavinnukennslu í Barnaskólanum en slíkt tíðkaðist ekki þá, það var talið óþarft þar sem heimilin áttu að sjá um þessa uppfræðslu. Handavinnan aflaði skólanum óvinsælda en sú óvild hvarf smám saman því sýningarnar sem haldnar voru á vorin og sýndu muni sem gerðir höfðu verið um veturinn vöktu almenna ánægju meðal fólks. Því má segja að Barnaskóli Akureyrar hafi verið brautryðjandi í skólahandavinnu hér á landi.⁵⁷ Halldóra taldi að gott væri að hafa góða undirstöðu í handavinnu svo stúlkur væru færar um að gera einfalt handverk og laga fót sín en sá að kennslan yrði að vera einföld og hagnýt og fylgja kröfum tímans. Nauðsynlegt fannst henni að bæði kynin fengju þessa kennslu en á þessum tíma lærðu drengir körfugerð, burstagerð, bastvinnu, ýmsa pappírsgerð og útsögun ásamt því að gera við muni skólans. Handavinnusýning var haldin í Reykjavík 1911 en þá var haldið upp á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Nemendur á Akureyri gerðu muni á þessa sýningu undir handleiðslu Halldóru og var þeim vel tekið.⁵⁸

Halldóra Bjarnadóttir skrifar í *Skólablaðið* 1912 að hún álíti að skólahandavinna sé nauðsynleg og góð tilbreyting fyrir börn því þreytandi sé að sitja lengi við bóknám. Þeim börnum sem hafa minni hæfileika til bóknáms er handavinnan sönn blessun. Halldóra telur að ef hægt verði að vinna kennara á sitt band þá sé víst að margur kennarinn gæti tekið upp verklega kennslu þótt enginn lagaákvæði væru fyrir hendi. Þar kemur einnig fram að skólahandavinna var kennd báðum kynjum en nemendur voru látnir gera sömu hlutina fyrstu tvö árin sem voru sokkar, smokkar, ylleppar en það eru leppar sem settir

⁵⁵ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:88-107

⁵⁶ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:107-108

⁵⁷ Halldóra Bjarnadóttir 1950:62

⁵⁸ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:112-117

eru í skó og poki svo dæmi séu tekin.⁵⁹ Í dag er nemendum kennt að þrjóna á sama aldri og tíðkaðist í byrjun tuttugustu aldarinnar þó að áherslurnar séu aðrar en þá.

Heimaunnið handverk var alla tíð í miklum metum hjá Halldóru og var það að hennar mati undirstaða íslenskrar menningar. Allt átti þetta upptök sín í ullinni. Allt var unnið úr henni. Vefstólarnir, kambarnir, snældan, rokkarnir og þrjónarnir voru sem ein heild í tónverki æsku hennar eða eins og hún sagði í æviminningum sínum:

mér fannst einhvern veginn að hún væri uppistaðan í því sem íslenzkast var, að þar væri að finna þann grundvöll, sem sjálfstæð, íslenzk heimili byggðust á, að í henni fælist stefið í þeirri baráttu, sem þjóðin hafði háð í aldraðir og myndi heyja þar til hún kæmist út í sólskinið – og frelsið. Ef til vill finnst einhverjum, að þessi tilfinning mín, á þessum árum, hafi verið sótt nokkuð djúpt, og einkennilegt sé, að einmitt þetta skyldi fremur móta skoðanir mínar og lífsaðstöðu en orðræður og baráttugnýr hinna daglegu anna. En svona var ég gerð og ekki öðruvísi.⁶⁰

Eftir tíu ára starf við Barnaskólann sagði Halldóra starfi sínu lausu þar sem hún var orðin leið á „nuddi og naggi“, bæði í blöðum og á mannfundum en þar var fólk að setja út á þann kostnað sem fylgdi verklegum greinum.⁶¹

Halldóru bauðst starf við Kennaraskóla Íslands árið 1922 sem handavinnukennari. Það starf var mjög fjölbreytt. Stúlkur lærðu að sauma og þrjóna en piltar lærðu körfugerð og ýmsa aðra pappavinnu. Sumir piltanna höfðu lært að þrjóna en Halldóra var mjög hlynnt því að bæði kynin þrjónuðu því það gæti síðar komið sér vel.⁶²

Halldóra vonaði að ekki yrði langt að bíða þess að handavinna yrði lögboðin námsgrein í barnaskólum landsins. Hún taldi að verklegar greinar þroskuðu ekki síður vitsmuni nemenda en þær bóklegu. Nemendur öðluðust leikni og flýti með æfingunni sem nýtist þeim síðar í lífinu.⁶³ Hægt er að segja að hún hafi lagt sig alla fram við að koma handavinnukennslu inn í skóla landsins. Árið 1931 sendi Halldóra greinagerð til stjórnar Kennarasambandsins þar sem hún lagði til að stofnuð yrði nefnd sem gerði tillögur um námskrá í handavinnu. Hún sagði að heimilin veittu ekki nauðsynlega leiðsögn í handavinnu og skólarnir yrðu því að grípa inn í. Halldóra lagði líka til að eindregin stefna yrði lögð í þessum málum því of mikill glundroði ríkti í handavinnukennslu og yrði þetta að koma frá fræðslumálastjórn landsins.⁶⁴

⁵⁹ Halldóra Bjarnadóttir 1912:7-12

⁶⁰ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:141

⁶¹ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:130-141

⁶² Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:163

⁶³ Halldóra Bjarnadóttir 1926:86

⁶⁴ Halldóra Bjarnadóttir 1931:58

Árlega sendi Halldóra skýrslur til Alþingis um vinnu sína en þar kemur fram að árið 1932 útvegaði hún barnakennurum efni til handavinnugerðar, gaf upplýsingar, sendi fyrirmyndir að verkefnum og svaraði fyrirspurnum. Einnig benti hún á að gott væri að hafa ákveðið kerfi fyrir nemendurna og vinna helst muni sem eru lærdómsríkir og þarflegir.⁶⁵

Lárus Rist segir í æviminningum Halldóru Bjarnadóttur að hún hafi verið brautryðjandi í mörgu sem snýr að skólastarfi. Hún barðist fyrir því að nemendum yrði kennd handavinna og leikfimi. Auk þess kæmu þeir með inniskó í skólann og kennarar myndu nota skóhlífar svo nemendur þyrftu ekki að klífa sandhauga á göngunum. Hann segist ekki vera einn um það að hafa notið góðs af leikni og þekkingu Halldóru í kennslufræðunum en með ötulli vinnu sinni hafi hún lagt grunn að skólamálum þjóðarinnar.⁶⁶ Halldóra var mikill brautryðjandi í sínu starfi og beindust öll hennar störf að því að koma handavinnukennslu inn í skólana og að halda heimilisiðnaðinum á lofti sem henni tókst að lokum með ótrúlegri þolinmæði og vinnu. Hún lagði mikla áherslu á að stúlkur og drengir lærðu handavinnu því það væri eitthvað sem myndi nýtast þeim þegar þau kæmu út í lífið. Halldóru fannst að drengir ættu að geta bjargað sér með nál og tvinnu því sú staða gæti komið upp að ekki væri kona til staðar sem gæti bjargað þeim. Hún kom því líka á að nemendur voru heimsóttir áður en þeir hófu skólagöngu sína svo hægt væri að kynnast þeim á heimavelli en slíkar heimsóknir hafa verið teknar upp í einum grunnskóla Akureyrar í dag í kjölfar rannsóknar um samvinnu heimila og skóla.

3.3 Jónas Jónsson

Í litlum bæ á mótum Bárðardals, Köldukinnar og Ljósavatnsskarðs fæddist Jónas Jónsson 1. maí 1885, sem síðar var kenndur við Hriflu. Á uppvaxtarárum sínum hafði Jónas aðgang að bókum heima, í lestrarfélagi sveitarinnar og á nálægum bæjum. Hann hneigðist mikið til þeirra en sýndi bústörfum minni áhuga. Brynjólfur Magnússon barnakennari bauð Jónasi að koma og dvelja hjá sér vetrarlangt á Leiru á Suðurnesjum. Brynjólfur hafði dálæti á honum, fannst Jónas skara fram úr að greind og bauðst til að búa hann undir skólanám. Haustið 1903 settist Jónas á skólabekk í Möðruvallaskóla sem var á þessum tíma staðsettur í Barnaskólanum á Akureyri. Hann lauk þaðan námi eftir tvö

⁶⁵ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:172-173

⁶⁶ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:135-137

ár með hæstu einkunn. Jónas hugði á frekara nám og sótti um í Menntaskóla Reykjavíkur en fékk ekki inngöngu vegna aldurs. Hann tók því að sér kennslu við sveitaskóla í Ljósavatnsskarði í þrjá mánuði og rann þá upp fyrir honum að kennsla ætti vel við hann. Eftir þetta tók hann ákvörðun um að fara utan til náms og varð Folkehöjskole í Danmörku fyrir valinu. Í skrifum sínum til Sigurðar á Ystafelli segir Jónas frá því hvað hann ætlast fyrir með námi sínu í Danmörku og strax þar koma fram hugmyndir hans um nám og kennslu sem hann framkvæmdi síðar. Eftir ársdvöl í Folkehöjskole fékk hann inngöngu í Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn þar sem hann lagði stund á kirkjusögu, listasögu, almenna sögu og þjóðfélagsfræði. Jónas lærði síðan í Ruskin College í Oxford sem var Háskóli verkamanna. Þegar hann kemur heim 1909 hafði vinur hans Guðjón Baldursson sótt um vinnu fyrir hann án hans vitneskju og var það við Kennaraskóla Reykjavíkur sem var nýstofnaður.⁶⁷

Í Ruskin College hafði Jónas komist í kynni við rómantískar afturhvarfshugmyndir en í þeim kemur fram að í stað borga er horft til sveitasælu og í stað verksmiðja átti að koma handverk. Jónas hafði í upphafi námsferils síns haft áhuga á að setja á laggirnar barnaskóla á Ljósavatni. En þar sem peningar voru af skornum skammti varð ekkert af því. Skólinn sem Jónas hafði áhuga á að reisa á Íslandi var í anda Abbotsholm, sem var staðsettur nálægt Derby, og hafði verið stofnaður 1889. Meginkennsluáferðir skólans voru „að læra með því að vinna“. Hann vildi heimfæra þessa hugmyndafræði upp á Íslendinga þar sem nemendur fara eftir reglum, borða hollan mat, sofa reglulega við opin gluggann og hreyfa sig. Þannig taldi hann að næðist að þroska fegurðarsmekk og siðgæði og móta hvern einstakling. Eftir að dagsverki var lokið var boðið upp á kvöldvöku sem var helguð listinni. Skólamaðurinn Jónas var ekki hlynntur ítrodsluáferðum þar sem hann sá ekki tilganginn í að troða fróðleik í nemendur sem þeir hefðu ekkert gagn af heldur ætti að stefna að því að þroska hvern nemanda. Jónas lagði áherslu á að skólagenginn maður og menntaður maður er ekki það sama en þar átti hann við það að taka nokkur próf væri léttara en þroska líkamlega orku sína, siðgæði og dómgreind. Þessi hugmynd er grunnurinn að skólafræðum Jónasar en höfuðáherslan var lögð á andlegan þroska og líkamsmenntir.⁶⁸ Dr. Bragi Jósefsson skrifar um stefnu Jónasar Jónssonar í

⁶⁷ Guðjón Friðriksson 1991:14-42

⁶⁸ Guðjón Friðriksson 1991:47-66

tímaritinu *Menntamál* en þar kemur fram að skólarnir eigi að hafa fjölbreytt viðfangsefni líkamleg og andleg, bókleg og verkleg til þess að allir unglingar eigi þangað erindi.⁶⁹

Jónas hafði út á margt að setja í menntamálum þjóðarinnar og fannst honum sem áhersla væri mest lögð á bókþekkingu, að skólarnir væru ekki á réttum stöðum en hann vildi frekar að þeir væru staðsettir uppi í sveit og að auka ætti líkams- og verkmennt sem hafði verið vanrækt að hans mati. Árin 1910 til 1916 lagði Jónas grunninn að skólastefnu sinni en hann vildi að skóli myndi rísa í hverju prestakalli. Setja átti nám barna saman úr þremur meginþáttum og hver þáttur gildi jafnt: íþróttaiðkun ýmis konar, bóknám og verklegt nám. Námið ætti að vera við þeirra hæfi, vera þroskandi og hjálpa þeim við að verða hæfari til að takast á við daglegt líf.⁷⁰ Jónas sótti kenningar sínar til sálfræðingsins Williams James sem var hugmyndafræðingur pragmatisma (verkhyggju) og vildi Jónas í rauninni móta einstaklinginn eins og leir.⁷¹ Af þessu má draga þá ályktun að Jónas og Guðmundur Finnbogason lögðu svipaða áherslu á hreyfingu, bók- og verknám og töldu að þannig næðu þeir að þroska einstaklinginn. Í grunnskólum í dag er horft of lítið á verklegan hluta námsins þar sem nemandinn á auðveldara með að meðtaka og tileinka sér hina ýmsu verktækni á unga aldri. Því er hægt að taka undir þá skoðun Jónasar að móta verði leirinn á meðan hann er mjúkur.

Það má segja að Jónas Jónsson frá Hriflu hafi leyst íslenska skólaæsku úr hlekkjum menntunarleysis, hann opnaði henni leiðir til náms og frama. Flestir samtíðarmenn hans eru sammála um hæfileika hans og frumkvæði og má telja að þetta hafi verið fyrstu skrefin til hagsældar því nú á dögum þykir langvarandi og samfelld skólaganga sjálfsagt mál og er það í anda þeirra hugmynda sem Jónas var talsmaður fyrir.⁷²

Jónas sat á Alþingi en 1927 varð hann kennslumálaráðherra. Miklar breytingar urðu á unglingafræðslunni í ráðherratið hans. Hann byggði upp héraðsskóla og gagnfræðaskóla og lagði áherslu á að námið byggðist upp á bóknámi, verknámi og íþróttum. Þarna átti hinn námsfúsi hluti alþýðunnar að fá menntun við hæfi og ætti þá auðveldara með að takast á við lífið. Ástæða þess að Jónas lét fræðslumál svo til sín taka var að „*hann taldi*

⁶⁹ Dr. Bragi Jósefsson 1968

⁷⁰ Eggert Þór Bernharðsson 1985:96-97

⁷¹ Guðjón Friðriksson 1991:53

⁷² Guðmundur Sveinsson 1985:121-122

*að hamingja og heill þjóðarinnar færi eftir því hversu vel tækist uppeldi hinnar ungu kynslóðar. Án góðrar menntunar yrðu engar framfarir á Íslandi*⁷³

Hægt er að finna tengsl á milli hugmynda Jónasar og kenninga Deweys því þeir töldu báðir að nemendur læri mest af því að fá að upplifa og handleika.

3.4 Guðrún Helgadóttir

Guðrún Helgadóttir fæddist 1959. Hún er afkastamikil fræðikona sem hefur haldið uppi heiðri handmenntagreina. Meistaraprófsritgerð hennar og doktorsritgerð fjalla báðar um handmenntir. Hún er eini menntunarfræðingurinn á Íslandi með doktorsgráðu með áherslu á handmenntir. Guðrún útskrifaðist með kennararéttindi á grunnskólastigi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1982 og voru smíðar hennar valgrein. Ári síðar útskrifaðist hún með kennararéttindi fyrir framhaldskóla í handlistum. Guðrún fór síðan til Kanada árið 1987 í kennaranám í myndlist við University of Victoria og tveimur árum síðar útskrifaðist hún með mastersgráðu í kennslufræðum myndlistar frá The University of British Columbia í Vancouver. Ritgerð hennar heitir „A survey of the attitudes of Icelandic art and craft teachers toward curriculum and practice in their subject area“. Árið 1997 útskrifaðist Guðrún frá sama skóla með doktorsgráðu í námskrár- og kennslufræðum og heitir ritgerðin hennar „Icelandic craft teacher's curriculum identity as reflected in life histories.“ Ritgerðin fjallar um hvernig handavinnukennarar aðlaga sig að starfinu. Hún byggir á viðtölum við 42 kennara sem fæddir eru frá 1913 til 1960. Meginniðurstaðan var sú að sterk tengsl eru við persónulega sögu og fjölskyldu hvers kennara sem einkennir þá í starfi.⁷⁴ Starfsreynsla Guðrúnar er fjölbreytt og hefur hún kennt myndlist og handmenntir í grunnskólum. Einnig hefur hún verið skólastjóri Myndlista- og handiðaskólans og var skipuleggjandi og upphafsmaður kennaranámsins í Listaháskólanum en þar kenndi hún fyrstu ár þess náms, kennslufræði myndlista.⁷⁵

Guðrún hefur skrifað margar greinar um kennslu og stöðu verkmennta í skólum landsins. Hún hefur skrifað ritgerð um Halldóru Bjarnadóttir, sem heitir: *A case history of a promoter*, þar segir Guðrún frá störfum hennar í þágu skólamála. Eins gerði hún rannsókn á samkennslu kynjanna sem heitir, *Samkennslu kynja í hannyrðum og smíði, Skref í*

⁷³ Eggert Þór Bernharðsson 1985:97-98

⁷⁴ Guðrún Helgadóttir 1997a:ii-iii

⁷⁵ Guðrún Helgadóttir 2006

*jafnréttisátt?*⁷⁶ Guðrún byggir rannsókn sína á spurningum sem snúa að jafnrétti kynjanna í handmennt. Hún tók viðtöl við handmenntakennara og lagði fyrir þá spurningar í tengslum við samkennslu, áhuga, viðhorfi og breytingum á samkennslu kynjanna í grunnskólanum. Í viðtölunum kom fram að áhugi kynjanna er misjafn. Stúlkur sækjast jafn mikið eftir því að fara í smíðar eins og hannyrðir en drengir sækjast lítið eftir því að komast í hannyrðir. Mesta breytingin verður þegar kynjamunurinn er afnuminn árið 1977, það sem skipt hefur sköpum, er að kennslutími greinarinnar hefur minnkað um helming sem orðið hefur til þess að kennurum tekst ekki að komast yfir þá námsþætti sem snúa að greininni. Eins leiddu viðtölin hennar í ljós að beint eða óbeint eru hefðbundin kynhlutverk enn ríkjandi á þessu sviði. Það er að segja að konur kenna hannyrðir og þurfa að hafa mikið fyrir því að halda drengjunum að greininni meðan fleiri karlar kenna smíðar en þurfa að sama skapi ekki að halda greininni að stúlkum. Viðmælendur voru sammála um að það væri bæði jákvætt og sjálfsagt að bæði kynin kynntust þessum kennslugreinum en miðað við þær aðstæður sem greinunum eru skapaðar í skólakerfinu í dag verða þær „aldrei meira en kynning“. Guðrún ályktar eftir þetta að það stefni í menningarlegt slyss þegar til lengri tíma er lítið þar sem íslensk kvenmenning, svo sem listfengi í prjóni, eigi við ramman reip að draga því stúlkur fá ekki lengur tækifæri til að öðlast þá færni sem þarf til að geta haldið í hefðina.⁷⁷

Í fyrirlestri sem Guðrún hélt á málþingi árið 1996 sagði hún að árið 1746 þegar tilskipun um húsaga var settur þýddi eitt ærlegt handverk ævistarf sem þú lærðir til hlítar og helgaðir þér. Enn þann dag í dag er það þannig að það að tileinka sér handverk er ekkert áhlaupaverk. Það þarf ástundun og reynslu í langan tíma til að öðlast þekkingu og ná færni í að vinna almennilegt handverk sem stendur undir nafni. Þetta næst ekki nema þessu sé gefinn tími í náminu. Hún sagði:

Þar hefur íslenskt skólakerfi brugðist. Sá tími sem ætlaður er hverjum nemanda í sjónlistagreinum svo skammur, að það gefur falska mynd og óraunhæft viðhorf til viðfangsefnisins.⁷⁸

Í grein sem Guðrún skrifar í *Hugur og hönd*, fjallar hún um hlutverk skólanna í að varðveita menningararfinn í textílmennt. Hún bendir á að hægt sé að nota meira nánasta umhverfið í textílmennt og tengja hana við aðrar námsgreinar.⁷⁹

⁷⁶ Dr. Guðrún Helgadóttir 2006

⁷⁷ Guðrún Helgadóttir 1997b:196-204

⁷⁸ Guðrún Helgadóttir 1996b

Guðrún gerði könnun um viðhorf kennara til mynd- og handmenntagreina árið 1990 og voru niðurstöður hennar birtar í tímaritinu *Handmennt*. Það sem var athyglisvert við niðurstöðurnar er hve fáar konur kenna smíði og að enginn karlmaður kennir textílmennt. Hún veltir fyrir sér hvort ekki sé vert að íhuga hvort þessi staðreynd grafi ekki undan markmiðinu að kenna báðum kynjum hvora grein fyrir sig. Má því segja að dulin námskrá felist í því að einungis konur kenna handavinnu og nær eingöngu karlar kenna smíði. Þar sem engar fyrirmyndir eru fyrir stráka í handavinnu segir það þeim að handavinna sé í raun kvennastarf.⁸⁰

Áhugavert er að sjá hvað Halldóra og Guðrún eru líkar í áherslum sínum í handavinnu fyrir grunnskóla. Þeim finnst nauðsynlegt að nemendur kynnist menningararfleiðinni sem liggur í handavinnunni og heimilisiðnaðinum. Halldóra horfði á handmenntakennsluna út frá nytsemissjónarmiði en Guðrún meira út frá sköpun og menningararfleið en þær eru sammála um að betra sé fyrir greinina að fagkennarar sjái um kennsluna.

3.5 John Dewey

John Dewey fæddist í Burlington í Vermont í Bandaríkjunum 20. október 1859.⁸¹ Eftir að háskólanámi lauk kenndi hann í menntaskóla í nokkur ár en ákvað síðan að læra heimspeki og útskrifaðist með doktorspróf í henni árið 1884 hálfþrítugur að aldri.⁸² Hann fékk kennarastöðu við háskólann í Michigan sama ár og stundaði þar kennslu í sálarfræði og heimspeki í níu ár ásamt því að kenna í eitt ár við Minnesotaháskóla.⁸³ Næstu ellefu árin eða til ársins 1905 var hann prófessor í sálarfræði, uppeldisfræði og heimspeki við Chicagoháskóla og tók síðan við prófessorstöðu í Colombiaháskólanum í New York þar sem hann kenndi þar til hann lét af störfum árið 1930.⁸⁴

Þróunarkenning Darwins hafði mikil áhrif á Dewey á háskólaárum hans en þegar hann var í heimspekinámi sínu einbeitti hann sér að ritum Hegels. Á árunum þar á eftir dofnaði

⁷⁹ Guðrún Helgadóttir 2000:44-46

⁸⁰ Guðrún Helgadóttir 1990:12-15

⁸¹ Gunnar Ragnarsson 2000a:14

⁸² Myrhe, Reidar 2001:170

⁸³ Gunnar Ragnarsson 2000b:9

⁸⁴ Myrhe, Reidar 2001:170

áhugi hans á Hegel og í staðinn aðhylltist hann verkhyggjuna eins og hún var sett fram af William James og Charles Peirce.⁸⁵

Áhugi Deweys á námi og kennslu barna var mikill og var hann farinn að móta hugmyndir um breytingar á kennsluháttum. Til þess að prófa þessa nýju kennsluhætti, ákvað hann því að stofna tilraunaskólann, *The Laboratory School*, árið 1896, ásamt konu sinni Alice Chipman en hún hafði líka mikinn áhuga á námi barna og var háskólamenntuð eins og hann. Þau höfðu hug á að prófa hugmyndir sínar um nám og kennslu sem voru frábrugðnar þeim hugmyndum sem áður höfðu verið notaðar.⁸⁶ Í skólanum átti að vinna út frá því að færa skólann nær heimili nemenda og nágrenni, tengja kennslu í skrift, reikningi og lestri öðrum greinum og reynsluheimi nemenda svo þeir finndu einhvern tilgang með því að læra þær. Eins var lagt upp með það í kennslu í náttúrufræði, sögu og bókmenntum að upplifunin ætti að vera jákvæð og hafa gildi í lífi nemendanna.⁸⁷ Í kenningum Johns Deweys er lögð áhersla á að nemandinn fái að uppgötva og prófa sjálfur, eða eins og hann segir sjálfur: „*every educative process should begin with doing something*“⁸⁸.

Lykilhugtök Deweys í kennslu- og menntunarfræðum eru eigin athugun og könnun, virk reynsla, áhugi, þroski og samfeldni í vinnubrögðum. Í bókinni *The School and Society* sem gefin var út árið 1899 talar Dewey um mikilvægi virkrar þátttöku og áhuga nemenda. Hann skýrir það þannig að engin þjálfun skynfæra í skólunum, kemst í námunda við það að vera samkeppnisfær við þá snerpu og fyllingu skynjunar sem kemur með virkri þátttöku í algengum störfum og áhuga á þeim. Með orðaminni er hægt að læra utanbókar sérstök verkefni og hægt er að öðlast vissa ögun í rökhusun með námi í stærðfræði og raungreinum.⁸⁹ Dewey leggur áherslu á að frekara nám byggji á þeirri reynslu sem nemendur búa þegar yfir.⁹⁰

Eitt af meginritum Deweys á sviði menntunarheimspeki er ritið *Democracy and Education*. Þar spyrðir Dewey saman lýðræði og menntun en samkvæmt hugmyndum hans er menntun það sama og vöxtur og þroski og tilgangur menntunar alltaf sá að stuðla

⁸⁵ Myrhe, Reidar 2001:170

⁸⁶ Gunnar Ragnarsson 2000a:15

⁸⁷ Myrhe, Reidar 2001:171

⁸⁸ Halliburton, David 1997

⁸⁹ Gunnar Ragnarsson 2000a:17

⁹⁰ Gunnar Ragnarsson 2000b:11-19

að auknum þroska. „Skólinn er staður þar sem börn eiga að læra að vera virk, taka þátt, vinna saman, móta sér skoðanir, þ.e. temja sér hluti sem þjóna því marki að börn geti orðið fullgildir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.“⁹¹

Undirstaða þekkingar er eigin reynsla og upplifun nemandans. Það að hann fái tækifæri til að kynna umhverfi sínu af eigin raun er forsenda þess að verða ábyrgur einstaklingur.⁹² Kenningar Deweys ganga meðal annars út á það að nám eigi að vera verklegt og að nemandinn fái að skapa, skynja og handfjatla hina ýmsu hluti. Þannig nær hann að tengja nám sitt við raunveruleikann.⁹³ Verklegu greinarnar eiga að vera undirstaðan að menntun nemandans en þær eru helstar: vefnaður, matreiðsla, saumaskapur, málmvinnsla og trésmíðar. Einkunnarorð þessara kennsluhátta eru: „nám í verki - læra með því að framkvæma“.⁹⁴ Hann segir að verkgreinar séu til þess að þjálfa fínhyrningar, læra að handleika hluti og öðlast verksvit.⁹⁵

Kenningar hans falla vel að hugmyndum Guðmundar og Jónasar sem snúa að verkgreinum þar sem þeir telja það að vinna með höndunum auki annan þroska og nemendur öðlist reynslu sem alltaf er hægt að byggja ofan á.

3.6 Howard Gardner

Howard Gardner er prófessor í kennslufræðum við Harvard háskóla.⁹⁶ Hann setti fram hugmyndir í bók sinni *Frames of mind* sem kom út 1983 en þar fjallar hann um margbreytilegar greindir. Hann segist þar efast um að hugtakið greind sé skilgreint rétt og með greindarprófum sé eingöngu verið að kanna hluta þeirra greinda sem hver nemandi býr yfir.⁹⁷

Gardner lagði fram tilgátu um að greind snúist annars vegar um hæfni til að leysa þrautir eða vandamál og hins vegar það að búa til muni í góðri samfellu við umhverfið. Hann kortlagði því hið breiða svið mannglegra möguleika og skipti því í átta flokka eða greindir. Þessar greindir skilgreinir hann á eftirfarandi hátt:

- *Málgreind*, sem felur í sér hæfileika til að geta skrifað vel og tjáð sig á þann hátt að aðrir sannfærast.

⁹¹ Hafþór Guðjónsson 2002

⁹² Hartman, Sven 1983:29-32

⁹³ Halliburton, David 1997

⁹⁴ Gunnar Ragnarsson 2000a:16

⁹⁵ Dewey, John 1897

⁹⁶ Armstrong, Thomas 1998-2000

⁹⁷ Gardner, Howard 1993:3

- *Rýmisgreind*, er hæfileiki til að skynja hið sjónræna og tjá sig á myndrænan hátt og sjá þá í huganum hvernig hluturinn kemur út.
- *Samskiptagreind*, er hæfileiki til að skilja og greina tilfinningar annarra og hafa samkennd með þeim.
- *Tónlistargreind*, er hæfileiki til að geta skapað og skynjað margvíslega tónlist.
- *Sjálfsþekkingargreind*, er hæfileiki til að lifa og starfa á grunni þeirrar þekkingar sem einstaklingurinn hefur á sjálfum sér.
- *Umhverfisgreind*, er hæfileiki til að gera sér grein fyrir eigin umhverfi og fyrirbærum náttúrunnar.
- *Rök- og stærðfræðigreind*, er hæfileiki til að nota tölur og hafa næmi fyrir öðrum stærðfræðilegum hugtökum eins og röklegum mynstrum.
- *Líkams- og hreyfigreind*, er hæfileiki til að stjórna allri líkamlegri færni, snertiskyni, fingrafimi og leikni í að búa til hluti.⁹⁸

Stutt er síðan Gardner setti fram hugmynd um enn eina greindina, *tilvistargreind* og er hún hæfileiki til að eiga við spurningar sem fjalla um dýpri rök tilvistarinnar um tilgang mannsins og lífsins.⁹⁹ Í fjölgreindakenningu sinni telur Gardner að hver einstaklingur búi yfir öllum greindunum. Með fjölgreindakenningunni, sem er einskonar líkan af persónulegum þroska, geta kennarar skilið að þeirra eigin greind hefur áhrif á hvernig þeir kenna.¹⁰⁰ Kennari þarf að geta lesið nemandann þannig að hann geti gert sér grein fyrir hvar greind nemandans liggur. Nauðsynlegt er að kennarinn átti sig á því að ef nemandinn hefur litla getu í til dæmis líkams- og hreyfigreind verður kennarinn að þjálfá þennan þroska og besta leiðin til þess er að leyfa honum að búa til eitthvað í höndunum eða handleika hluti. Þannig nær nemandinn að þjálfá hug og hönd sem er grunnurinn að ýmiskonar handavinnu. Í rýmisgreind býr hæfileiki til að skynja það sem fyrir augu ber og rýmisgreind felur í sér næmi fyrir línunum, lögun, formi, vídd, litum og tengingu þar á milli. Því má segja að fjölgreindarkenning Gardners hafi áhrif á kennsluhætti og verkefnaval kennarans fyrir hvern einstakling eða eins og Gardner segir: Hægt er að þjálfá upp, efla og þróa allar greindirnar á nokkuð hátt getustig ef nemandinn fær leiðsögn við hæfi.¹⁰¹ Fram kemur í *Aðalnámskrá grunnskóla* að greind er samsett úr mörgum þáttum og talað er um fjölþætta greind þar sem eru fleiri þættir en hinir hefðbundnu rökrænu og orðrænu þættir. Í listnámi reynir á fjölmarga þætti mannglegrar

⁹⁸ Armstrong, Thomas 2001:14-15

⁹⁹ Rúnar Sigþórsson 2003

¹⁰⁰ Armstrong, Thomas 2001:20-70

¹⁰¹ Armstrong, Thomas 2001:14-21

færni bæði til hugar og handa þar sem nemendur þurfa að nota ímyndunaraflíð sem og rökhyggju til að ná árangri.¹⁰²

Jónas, Guðmundur, Dewey og Gardner lögðu allir áherslu á að kenna börnum á þeirra eigin forsendum með því að skapa aðstæður og laða fram hæfileika þeirra og áhuga á sem flestum sviðum.

3.7 Þróun

Í byrjun tuttugustu aldarinnar bjó fleira fólk í dreifbýli en í þéttbýli. Bændasamfélagið byggðist á fjölskyldumennt sem einkenndist af því að framleiðsla og neysla er í sömu höndum. Fjölskyldan samanstóð af þremur kynslóðum sem tengd var í sama atferliskerfið sem breyttist ekki mjög hratt. Afl hefðarinnar innan fjölskyldunnar var bundin hægfara þróun.¹⁰³ Innflutningur á fötum eða öðrum nauðsynjavörum var lítill sem enginn og þurftu því heimilin að búa til þá hluti sem nota þurfti til að halda lífi á þessum hörðu tímum. Þannig helst fjölþætt verkkunnátta inn á hverju heimili fram á tuttugustu öldina. Menntun barna var í höndum heimilanna þar sem örfáir skólar voru komnir til starfa. Með fræðslulögunum sem Guðmundur Finnbogason leggur grunnin að breytist hugsun fólks til menntunar og Jónas Jónsson sem var einnig talsmaður menntunar taldi sveitirnar best henta til þess að fræða ungdóminn með verklegri vinnu, hreinu lofti og bóknámi til jafns. Halldóra Bjarnadóttir skrifar í *Skólablaðið* 1914 að handavinnukennsla sé alltaf að aukast í skólum landsins og það sé gleðilegt tímanna tákn.¹⁰⁴

Meðan fólk bjó í sveitum þá voru verkleg störf unnin af meirihluta þjóðarinnar en með aukinni vélvæðingu urðu störfin einhæfari sem leiddi af sér að almenn verkkunnátta var í hættu. Því má segja að ákveðinn grunnur að góðri þjálfun og verkmennt sem tengist fjölbreyttum atvinnugreinum í þjóðfélaginu sé lagður með markvissri mynd- og handmenntakennslu í grunnskólum. Þannig á mynd- og handmenntakennsla að gera hvern nemanda hæfari til að takast á við dagleg störf í þjóðfélaginu sem hlýtur að vera eitt mikilvægasta markmið grunnskóla.¹⁰⁵ Guðrún Hannele Henttinen segir í grein sem hún skrifar í *Hugur og hönd* að á undanförunum áratugum hafi handavinna breyst því þegar handverkshefðin rofnaði hætti verkkunnáttan að berast á milli manna. Þegar hætt var að kynjaskipta í handmenntagreininni var farin sú leið að skera niður kennslumagnið í

¹⁰² *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:7

¹⁰³ Edelstein, Wolfgang 1988:38-39

¹⁰⁴ Halldóra Bjarnadóttir 1914:41

¹⁰⁵ *Aðalnámskrá grunnskóla - mynd- og handmennt* 1977:7

smíðum og handavinnugreinum og nú nærri þremur áratugum síðar eru áhrifin að koma í ljós. Stúlkur velja sér frekar textílmennt heldur en smíðar og drengir smíðina. Þannig að þetta er afturhvarf til fortíðar og ný kynslóð er því vaxin úr grasi sem hefur fengið minni kennslu í textílmennt. Guðrún Hannele sagði að á síðustu öld hafi textílmennt verið samofin rótgróinni handavinnu kvenna. Í upphafi kennslunnar í skólunum var lögð áhersla á þrjóna- og saumaskap sem áður hafði verið kenndur á heimilunum. Ræturnar eru því í handavinnu heimilanna frekar en í handverksiðnaðinum. Áherslan á kennsluna í greininni hefur þróast í takt við nýja tíma og mikilvægi á skapandi vinnu nemenda aukist jafnt og þétt, þó að tíminn hafi verið minnkaður um helming og dagar ekki lengur til að þjálfra færni nemenda. Því tala textílkennarar um kynningu á greininni.¹⁰⁶ Bjarni Daníelsson, Guðrún Helgadóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir sögðu í ritgerð sinni *Í helgreipum bóknámsrembunnar* að menntunarstefna hverju sinni fari saman við hugmyndir manna um menntunarþarfir atvinnuveganna. Eins að sérhæfing í atvinnulífi kalli á sérhæfingu í menntun.¹⁰⁷

Áður fyrr var handverk stór þáttur í lífsbaráttunni en í dag er það vaxandi atvinnuvegur og hluti af þeirri ímynd sem er einkennandi fyrir íslenska menningu.¹⁰⁸

3.8 Niðurstöður

Þegar farið var yfir hugmyndir þeirra fræðimanna sem fjallað hefur verið um hér að framan þá kemur í ljós að það er Guðmundur Finnbogason sem í rauninni leggur grunn að almennri menntun með fræðslulögunum 1907. Þó ekki sé mikið minnst þar beint á handavinnu eins og til dæmis þrjón eða hekl þá lagði hann samt áherslu á að vinna með höndunum væri jafn nauðsynleg eins og að læra að lesa eða skrifa. Halldóra Bjarnadóttir var á sama máli og Guðmundur um menntun barna en hún barðist fyrir því alla tíð að handavinna yrði kennd í grunnskólum landsins. Henni fannst nauðsynlegt að börnin gætu séð um sig sjálf þegar þau færu út í lífið en með því átti hún við að þau verði að geta lagað fót sín eða stoppað í sokka. Þetta fannst henni vera jafn nauðsynlegt fyrir bæði kynin. Jónas Jónsson var sammála Halldóru um það að allir þyrftu að læra að bjarga sér sjálfir. Hann lagði grunninn að þeirri skólustefnu þar sem áherslan á námið ætti að vera þrjúþætt það er: hreyfing, bóknám og verknám og þar með stuðlaði hann að handmennt í skólunum. Þar sem Guðmundur, Halldóra og Jónas studdu öll verklegt nám má tengja

¹⁰⁶ Guðrún H Henttinen 2003:28-30

¹⁰⁷ Bjarni Daníelsson og fleiri 1982:95

¹⁰⁸ *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 1999:33

Þau á margan hátt við kenningar Deweys en hann leggur áherslu á nám í verki eða að læra með því að vinna. Guðrún er yngst þessara fræðimanna og fylgir hún eftir hugmyndum Halldóru um nauðsyn listsköpunar og verkmenntunar nemenda. Má því segja að Guðrún sé að gera sömu hluti og Halldóra var að gera í byrjun tuttugustu aldarinnar með því að ýta undir og auka þátt handmenntar í skólum landsins í dag og gera fólki ljóst hvað greinin er nýtsamleg á margan hátt. Eins vinnur hún ötullega að því að reyna að fá textílmennt meira inn í skólana þannig að hún verði ekki jaðarsgrein heldur fái meira vægi innan námskránnar.

4 Könnun

4.1 Viðtöl

Til þess að skyggjast inn í textílkennslu síðustu áratuga ákváðum við að gera viðtalskönnun og tókum viðtöl við fjóra textílkennara. Hugsun okkar var að fræðast um hvað fer fram í grunnskólunum og sýn kennarana á greinina.

4.1.1 Þátttakendur

Viðmælendur okkar voru fjórir textílkennarar sem eru á aldrinum fjörutíu til sextíu og fimm ára. Menntun þeirra er svipuð, þrjár útskrifuðust frá Kennaraháskóla Íslands á árunum 1963 til 1983 en sú yngsta í hópnum útskrifaðist árið 1993 frá Odense Handarbejdesseminarium í Danmörku. Tvær hafa kennsluréttindi í framhaldskóla.

4.2 Mælitæki

Könnunin fór fram með viðtölum sem byggðu á eftirfarandi spurningum sem eru í fylgiskjali 1 og var viðtalsaðferðin staðlað opið viðtalsform (standardized open-ended interview or interactive discussion). Komið var inn á þætti sem tengdust kennslu í textílmennt og þeim breytingum sem hafa orðið á greininni.

4.3 Framkvæmd

Kennararnir voru valdir með hentugleikaúrtaki sem hafði í för með sér þægilegt aðgengi að þeim. Viðtölin fóru fram dagana 9. febrúar til 6. mars 2007. Svör kennaranna voru tekin upp og umrituð (transcribed) og þeim síðan eytt eftir úrvinnslu þeirra. Viðmælendurnir voru upplýstir um þetta vinnulag. Viðtölin fóru fram á virkum dögum í skólum viðkomandi kennara.

4.4 Úrvinnsla

Gögnin voru greind með þeim hætti að út komu ákveðin þemu. Þessi þemu byggja á umræðuspurningunum sem lagðar voru fyrir kennarana og leiddu beint að þeim: námskrá, textílmennt, sköpun og breytingar almennt.

4.5 Niðurstöður

4.5.1 Úrvinnsla viðtala

Svör kennaranna í viðtölunum má greina í þessa fjóra hugmyndaflökk (categories):

Námskrá

Textílmennt

- a) Þrjón
- b) Saumar
- c) Útsaumur
- d) Vinsældir textílmenntar
- e) Bóklegt nám
- f) Nauðsyn

Sköpun – tjáning

- a) Markmið

Breytingar

- a) Kyn
- b) Tíska
- c) Sýning
- d) Gamlar handverksaðferðir
- e) Framtíð

4.6 Samantekt

Niðurstöður eru byggðar á opnum viðtölum við fjóra textílkennara sem allar eru starfandi í dag. Ákveðið var að gefa þeim tilbúin nöfn; Ásta, Katrín, Sóley og Þura.

Þegar rætt var um námskrá voru þær allar sammála um að hún hafi að einhverju leyti stjórnað þeirra kennslu í gegnum tíðina en allar töluðu þær um að ekki sé möguleiki að framkvæma allt sem í þeim stendur. Fram kom í viðtölunum að fjölbreytni er töluverð í textílmennt. Þær bjóða upp á fatasaum, útsaum, þrjón, vefnað, þæfingu, litun og hekl.

Eins hafa þær boðið upp á hnýtingar, bútasaum, kartöflubrykk, að rýja og myndvefnað og minnst þær á að tískan ráði oft hvað er í boði hverju sinni. Viðmælendur okkar töldu nauðsynlegt hverjum nemanda að hafa möguleika á að tjá sig í gegnum listina. Sköpun er til þess að nemandinn geti tjáð sínar eigin hugmyndir, reynslu og þekkingu með viðeigandi vinnubrögðum í allskonar efnivið en þær eru sammála um að áhersla á sköpunarþáttinn er miklu meiri í dag en fyrir tuttugu árum.

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað á þeim 40 árum sem þessir kennarar hafa verið að kenna. Tvær nefndu að helst hafi það verið sameining kynja í handavinnu en fjalla ekki neikvætt um það heldur setja út á að tímaleysi hrjái greinina. Ein var jákvæð út í samkenosluna kannski vegna þess að þegar hún var sjálf í grunnskóla þá hafði kynjamunurinn verið afnuminn og má draga þá ályktun að það sé vegna þess að hún þekki ekkert annað kennslufyrirkomulag. Sú sem hefur lengstan starfsaldur vill meina að handavinnan hafi farið á verri veg þegar breytingarnar verða á *Aðalnámskrá grunnskóla 1977* þegar tíminn var skertur um helming. Allar eru þær sammála um að stúlkurnar hafi komið verr út úr sameiningunni vegna þess að sníða þurfti námsefnið að drengjunum. Eins segja þær að skyldustykki sem boðið er upp á í dag eru ekki sambærileg við það sem áður var.

5 Úrvinnsla

5.1 Túlkun

Hér drögum við saman það sem okkur fannst áhugavert í viðtölunum við kennarana, okkar túlkun á þeim ásamt tengingu við fræðin.

Katrín hefur lengstan starfsaldur en hún kenndi handavinnu í tuttugu og sjö ár, eða frá 1963 til 1990 en skipti þá yfir í bekkjarkennslu og hefur kennt á yngri barna stigi síðustu sautján árin. Hún sagði: „Ég hætti því ég var búin að fá nóg. Þetta var orðið svo agalega mikið áreiti og erfitt en þá var ég búin að kenna þetta í tuttugu og fimm eða þrjátíu ár. Fannst þetta orðið nóg.“ Hún kennir sínum umsjónarbekk textílmennt upp í fjórða bekk en þau fá ekki smíðar þar sem enginn aðstaða er til þess í skólanum þar sem hún kennir.

Sóley hefur frá upphafi verið bæði í almennri kennslu og handavinnukennslu en minnkaði við sig eftir að hún átti börn og hefur séð um að kenna val tengt handavinnu í eldri bekkjum og sínum umsjónarbekk síðustu ár.

Þóra hefur ágætis reynslu þar sem hún hefur kennt handavinnu við Öskjuhlíðarskóla og Þjálfunarskóla ríkisins. Síðan lá leið hennar í grunnskólann og hefur hún kennt þar síðan en ávallt verið umsjónarkennari með. Síðustu árin hefur hún eingöngu séð um almenna bekkjarkennslu á miðstigi.

Ásta er sú eina í hópnum sem eingöngu kennir textílmennt í dag og hefur kennt hana undanfarin ellefu ár.

5.2 Námskrá

Viðmælendur okkar taka allar undir það að námskráin stýri þeim aðeins en Þóra segist vera samþykkt henni. Hún telur að þarna séu hlutir sem á í raun og veru að kenna, allt sem þar er en aftur á móti fá þau enga þjálfun því kennslustundir eru allt of fáar. Konurnar töluðu allar um að það væri óframkvæmanlegt að ná þeim markmiðum sem námskráin setur fram og allar setja þær fleiri en eina aðferð í handverkið, til dæmis fjölbreytt

útsaumsspor í vélsaumaðan púða til að ná því fram sem bent er á að nemendur þurfi að kunna samkvæmt *Aðalnámskrá*.

Að mati Ástu er ekki reiknað með að kennslan sé bara hálf tón árið það er reiknað með lengri tíma, greinilega, miðað við *Aðalnámskrá*. Ásta telur að námskráin sé of háfleyg að mörgu leyti þannig að Ásta styðst við *Aðalnámskrána* en fer ekki alveg eftir henni. Hún sagðist reyna að taka öll markmiðin sem sett eru fram. Til dæmis ef það á að læra að hekla eitt árið þá reynir hún að gera það svo nemendur missi ekki neitt úr en þeir sleppa alltaf einhverju eins og vettvangsferðum og svoleiðis. Eins og kemur fram í öðrum kafla er ætlast til að nemendur fari á söfn og í vettvangsferðir. Ætla má að kennarar sjái sér ekki fært að fara í ferðir þar sem tími greinarinnar er svo knappur að þeir velji frekar að nota hann inni í kennslustofunni.

Sóley sagði að hún hefði kennt eftir tveimur námskrám og byggist sú seinni svolítið mikið á þeirri fyrri í sambandi við verklega þætti.

Ég man að í þessari námskrá sem var í gildi þegar ég var að læra var meira sagt hvaða verkþættir ættu að vera á hverju ári, en það hélst inn í hinar en það kom meira þetta skapandi og þessi tilraunavinna. Mér finnst þetta vera þannig að þessir verkþættir sem voru inni í gömlu námskránni þegar ég var að læra hafi flust áfram en svo hafi skapandi þátturinn komið meira inn, meira eins og teikna fyrirfram, koma með hugmynd og útfæra hana og vinna út frá henni. En á sama tíma er í rauninni tíminn minnkaður, því að í námskránni sem kom út sjöttíu og eittíu var gert ráð fyrir fleiri tímum

Eins sagði hún: „þetta er svolítið teygjanlegt, maður þarf að ákveða sjálfur hvernig á að nýta þetta, því það er óframkvæmanlegt að koma öllu því sem þar segir í verk, þetta er bara hugmynd sem er í þessari *Aðalnámskrá*.“

Katrín talar um að hún hafi alltaf reynt að „troða þessu“ í ákveðin verkefni sem nýttust nemendum því að hún fann að nemendur voru ánægðari ef þeir fengu að búa til eitthvað sem nýttist þeim.

Miklar breytingar hafa orðið á *Aðalnámskránni* í gegnum árin eins og sjá má í kafla tvö en mesta breytingin varð á milli *Aðalnámskrána* frá árinu 1989 og 1999. Helstu breytingar eru þær að mun ýtarlegar er farið í alla útlistun á markmiðum þess að kenna textílfennt. En tími greinarinnar er alltof knappur því má ætla að nauðsynlegt sé, eins og viðmælendur okkar gera, að sameina marga þætti námsins í eitt verkefni.

5.3 Textílmenn

5.3.1 Prjón

Viðmælendur okkar tala allar um að byrjað sé að kenna prjón í þriðja til fjórða bekk og er nemendum kennt garðaprjón og úr verða allskonar lítil stykki en fer það eftir getu hvers og eins. Úr þessu verða til dæmis mýs, kettir, bangsar eða boltar.

Ásta talar um að erfitt sé að vera ein með stóra hópa í prjóni allt upp í tólf nemendur og gott væri að fá aðstoð eða að fækka niður í átta nemendur. Eins sagði hún: „Það vantar líka ömmurnar og mömmurnar inn á heimilin til að hjálpa eins og var, líka svona þolinmæði bara, því þau fara frekar í tölvu heldur en að prjóna. Mér finnst það vera vandamálið.“ Að hennar mati finnst strákunum gaman að prjóna og velja sér það oft í áttunda bekk og sitja þá saman eins og í litlum saumaklúbb.

Þura byrjaði að kenna garðaprjón í fjórða bekk en bætti við brugðnu prjóni í fimmta bekk en lætur síðan nemendur í sjötta bekk prjóna karl.

Það var ofsalega gaman að sjá muninn, sumir urðu pínulitlir á meðan aðrir urðu risastórir þó uppskriftin væri sú sama en það fór bara eftir prjóninu. En svo náttúrulega gerðu þeir karl úr þessu að lokum og sköpuðu hann eiginlega alveg sjálf. Það sem ég náði fram með þessu stykki var garðaprjón, slétt og snúið, byrja og enda sjálf, fitja upp og draga saman í lokin, þau feldu reyndar ekki af en þau skiptu um lit, saumuðu saman þannig að þau fóru í gegnum ansi mikið ferli í þessu eina stykki.

Eins sagðist hún hafa verið að kenna nemendum að nota fimm prjóna og urðu nemendurnir hissa þegar þeir sáu útkomuna, strákarnir „fústruðu“ alveg þegar þeir fengu prjónana í hendurnar og sáu hvað þeir gátu gert með alla þessa prjóna. Hún telur betra að láta nemendur vinna með fjóra prjóna frekar en fimm.

Allar tala þær um mikilvægi þess að kenna prjón. Það sem nemendur læra á því sagði Katrín er til dæmis gagnsemin af því að kunna eitthvað eða geta gert eitthvað sjálfir ásamt því að það eflir fínhyringar. Einnig telur Þura mikilvægt að nemendur læri að prjóna til að geta bjargað sér sjálfir eða haft þetta fyrir áhugamál en ef þeir gera þetta bara í skólanum þá ná þeir engri færni. Ásta, Sóley og Þura kenna báðum kynjum prjón en Katrín sagði að fyrst hefðu einungis stúlkur verið í handavinnu og þá lærðu þær mest því þá fengu þær almennilega kennslu allan veturinn. Dewey telur að með verklegu námi nái

nemendur að tengjast raunveruleikanum og byggir það á því að nemendur læri með því að skynja, skapa og handfjatla hluti.¹⁰⁹

Kennararnir voru sammála um að betra væri að hafa skyldustykki þar sem nemendur eigi oft erfitt með ákveða sig ef þeir hafa frjálssar hendur. Sóley sagði að betra væri að bjóða upp á verkefni en leyfa þeim sem það geta að fara eftir sínum óskum.

Mér finnst þetta verða verra eftir því sem ég kenni lengur. Það er svo lítið af hugmyndum. Nemendur hafa einhvern veginn svo lítinn grunn að byggja á. Í dag hafa nemendur einhvern veginn miklu minna að byggja á í þessu fagi heldur en var fyrir tuttugu árum því það er svo lítið gert af þessu heima. Þeir þekkja þetta svo lítið.

Hún álitur mikilvægt að kenna yngri nemendum þrjón því þeir eru móttækilegri og fljótari að læra þegar þeir eru ungir og þeim finnst þetta skemmtilegt. Það má því segja að þarna séu hugmyndir Jónasar Jónssonar frá Hriflu ljóslifandi komnar næstum hundrað árum síðar en hann segir að móta eigi börnin eins og leir á meðan þau eru ung.¹¹⁰ Halldóra Bjarnadóttir álitur einnig að meðan hugurinn er næmastur fyrir áhrifum þarf að móta hann.¹¹¹

Sóley telur að þau skilaboð séu ekki eins áberandi í dag, um að drengir eigi ekki að þrjóna, eins og var hér áður fyrr. Þess vegna skilur hún ekki af hverju þessi neikvæðni gagnvart því að drengir eigi að læra að þrjóna er enn við lýði. Guðrún Helgadóttir segir að erfitt geti verið út frá félagslegum aðstæðum að kenna drengjum að þrjóna vegna þess að það samrýmist ekki karlímyndinni að þrjóna.¹¹²

Katrín lagði upp með þrjón á vettlingum sem urðu gjarnan að tátíljum því nemendum fannst þetta orðið svo „agalega mikið verk“ með þumlanum. Guðrún Helgadóttir segir að þrjón eigi í vök að verjast þar sem stúlkur hafa ekki lengur tækifæri til að öðlast þá færni sem þarf til að listfengi í þrjóni haldist á lofti.¹¹³ Er hugsanlegt að niðurstaðan í framtíðinni verði að örfáir kunna að þrjóna þegar nemendur í dag geta ekki þrjónað vettlinga.

¹⁰⁹ Halliburton, David 1997

¹¹⁰ Guðjón Friðriksson 1991:53

¹¹¹ Halldóra Bjarnadóttir 1926:87

¹¹² Guðrún Helgadóttir 1997b:201

¹¹³ Guðrún Helgadóttir 1997b:203

5.3.2 *Saumar*

Viðmælendur okkar voru sammála um að kenna ætti saumaskap í skólanum. Sóley nefnir að samkvæmt *Aðalnámskránni* eigi nemendur að fá kennslu strax í fyrsta bekk. Í skólanum hennar hafi nemendur ekki aðgang að saumavélum fyrr en í fjórða bekk þegar þeir fá að vera í handavinnustofunni en þá höfum við kennt þeim grunnhugtökin. Hún lét þau æfa sig í að sikksakka í kring um stykki, í brún þess, gera beygjur og horn og sauma stykki saman og úr þessu varð lítill púði. Þessi vinna gerði alla voða „glaða og stolta enda er æðislegt að kenna þessum litlu.“ Ásta og Þura höfðu sömu sögu að segja í sambandi við kennslu á saumavélina. Þeim finnst öllum mikilvægt að kenna börnum á saumavél þótt ástæðurnar séu misjafnar. Samkvæmt *Aðalnámskránni* eiga nemendur í þriðja bekk að þekkja saumavélina og geta saumað einfaldar línur.¹¹⁴

Katrínu fannst mikilvægt að nemendur fái að læra það sem þeir hafa áhuga á. Hún telur að það séu ákveðin mannréttindi að fá að gera það sem manngangur til, innan skynsemismarkna. Hinum þremur finnst nauðsynlegt að þeir geti bjargað sér á saumavél í framtíðinni og að það sé orðið of algengt að fólk eigi ekki saumavél og ef það þarf að laga fötin þá er einhver látinn gera við þau eða þeim bara hent. Eins og fram kemur í kafla þrjú eru Halldóra Bjarnadóttir og Guðmundur Finnbogason sammála um að nauðsynlegt sé að stúlkur geti saumað og gert við fötin sín.

Ástu fannst gaman að sjá áhugann hjá nemendum þegar þeir voru búnir að læra undirstöðuatriðin á saumavélina.

Það ýtir undir áhugann að fara að gera eitthvað finnst mér. Þeir sem ráða við að gera eitthvað fara heim, biðja um að fá að sauma eitthvað en mörg mega það ekki. Þeir koma svo og kvarta, segja að þeir fái ekki að sauma í saumavélinni hennar mömmu. Hún segir að ég geti eyðilagt hana þannig að það er bara greinilega ekki verið að sinna þessu mikið.

Sóley talaði um hvað efni séu orðin dýr og íhugar hvort textílkennarar séu á réttri leið og veltir fyrir sér að fara að taka gömul föt og sauma upp úr þeim til að fá ódýr efni. Hún sagði að erfitt væri að bjóða nemendum að sauma eftir eigin vali því þá eigi þeir erfitt með að ákveða sig. Forsendan er að nemendur viti hvað þeir vilja en samt þarf að vera ákveðinn grunnur og þekking til staðar. Þá er líka spurning hvernig komum við því til skila. Hvaða möguleika hafa nemendur í þessari grein þegar henni er lítið sem ekkert sinnt í umhverfi þeirra.

¹¹⁴ *Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar* 1999:41

Við þurfum að gera meira af því að fara með nemendur að skoða hönnuði og söfn eins og komið er inn á í *Aðalnámskránni* hér að framan. Guðrún Helgadóttir veltir því fyrir sér í grein sinni Handlistir við aldarhvörf sem birtist í *Hugur og hönd* hvort það sé meiri vinna að fara á safn eða í handverkshús til að fá hugmyndir af verkefnum heldur en að fara í bókabúð að skoða blöð.¹¹⁵ Hönnuðir hér á Íslandi hafa verið meira áberandi í seinni tíð og það mætti hugsa sér þann möguleika fyrir kennara að fá hönnuði inn í grunnskólana. Eins væri hægt að fara með nemendur í Hagkaup því þar eru tvær nýjar fatalínur eftir íslenska hönnuði.

Þura sagði að eftir að flísefni komu til sögunnar hafi möguleikar nemenda aukist því vinnslan við það efni er mun auðveldari, ekki þarf að falda eða sikksakka. Eins geta nemendur skapað sjálf en húfur og vettlingar urðu mjög vinsæl til sauma. Halldóra Bjarnadóttir lagði mikið upp úr að nemendur lærðu vandvirkni og nýtni í handavinnu.¹¹⁶ Í *Aðalnámskránni* frá árinu 1989 segir að verkefni skuli höfða til nemenda og betra að hafa þau einföld og fljótleg.¹¹⁷

5.3.3 Útsaumur

Textílkennararnir sögðust mjög hlyntir útsaumi og tengja hann við stærðfræði með rökhugsun, rúmskynjun og við öguð vinnubrögð. Heilmikil hugsun er á bak við útsaum til dæmis að telja út en það er þjálfun í rúmskynjun. Þegar nemendur hafa lært þetta þá geta þeir teiknað sín munstur sjálfir og það er bara stærðfræði, „hrein stærðfræði“ að mati Sóleyjar. Hún sagði að yfirleitt hefði engum fundist leiðinlegt að sauma út en gæta verður að því að verkefnin höfði til nemenda. Sóley prófaði að vera með krossaum í áttunda bekk en nemendur áttu ekkert auðveldara með það en nemendur í fjórða bekk. John Dewey taldi að tengja ætti námsgreinar reynsluheimi nemenda svo einhver tilgangur væri með því að læra þær.¹¹⁸ Samkvæmt þessari kenningu hans er því nauðsynlegt að byrja á einföldum útsaum og færa sig síðan í flóknari. Howard Gardner lagði fram tilgátu um að greind snúist um hæfni til að leysa þrautir. Þær eru missterkar hjá nemendum og er það hlutverk kennarans að bjóða upp á verkefni sem höfða til þeirra. Hann telur að hægt sé að þjálfra, efla og þróa allar greindirnar ef nemendur fá leiðsögn. Þar má nefna rýmisgreind

¹¹⁵ Guðrún Helgadóttir 2000:45

¹¹⁶ Halldóra Barnadóttir 1926:86

¹¹⁷ *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:92-98

¹¹⁸ Myrhe, Reidar 2001:171

sem er hæfileiki til að tjá sig á myndrænan hátt og rök- og stærðfræðigreind sem er hæfileiki til að hafa næmi fyrir hugtökum eins og röklegum mynstrum.¹¹⁹ Eins og komið hefur fram hér að framan telja Jónas Jónsson og John Dewey að nemendur læri með því að vinna og það sé forsenda náms. Í *Aðalnámskránni* frá árinu 1977 segir að handmennt tengist til dæmis stærðfræði á margan hátt.¹²⁰

Þura sagði að erfitt væri að fá nemendur til sín í textílmennt í fjórða bekk frá umsjónarkennurunum, því það hefur komið fyrir að nemendur hafi ekki fengið kennslu í útsaum eða þeir hafi lært röng handtök sem erfitt væri að ná þeim upp úr. Halldóra Bjarnadóttir áleit það mikils virði að kenna öll undirstöðuatriði og handtök rétt þá kemur leikni og flýtir sjálfkrafa.¹²¹

5.3.4 *Vinsældir textílmenntar*

Ásta sagði að textílmennt hefði verið vinsæl hjá flest öllum alveg frá fyrsta bekk og það séu ekki bara stúlkurnar heldur líka drengirnir sem hafi gaman af þessu sem er áhugavert. Má því álykta að Ástu hafa tekist að vekja áhuga á faginu hjá báðum kynjum.

Hjá Sóley kemur fram að vinsældir fari eftir aldri og eftir því sem nemendur verða eldri finnst þeim þetta tilgangslausara. Þó er hennar reynsla sú að flestum finnst gaman að sauma út.

Katrín sagði að stúlkur væru miklu áhugasamari og jákvæðari gagnvart textílmennt en drengir þótt það væru alltaf einhverjir drengir sem hefðu gaman af textílmennt. Hún álitur að þegar allir nemendur byrjuðu að fá kennslu bæði í smíðum og saumum samkvæmt námskránni 1977 hafi afleiðingarnar verið þær að allt hafi farið á verri veg. Katrín telur að nú kunnir enginn neitt í rauninni. Nemendur „kunna hvorki að reka nagla né sauma, prjóna eða nokkuð annað. Þetta var bara allt öðruvísi áður fyrr. Nú er til dæmis ekki kenndur fatasaumur í þessum skóla.“ Má því segja að þetta sé sama niðurstaða og Guðrún Helgadóttir komst að með rannsókn sinni að stúlkur næðu ekki nógu langt í hannyrðum þar sem að kennslan væri of drengjamiðuð.¹²²

¹¹⁹ Armstrong, Thomas 2001:14-21

¹²⁰ *Aðalnámskrá grunnskóla – mynd- og handmennt* 1977:12

¹²¹ Halldóra Bjarnadóttir 1945:38

¹²² Guðrún Helgadóttir 1997b:202

Þura sagði að nemendum hefði yfirleitt fundist gaman í textílmennt. Að vísu hafi ein og ein stúlka ekki haft áhuga. Hún álitur að ef drengir hefðu fengið að velja þá hefðu þeir frekar valið smíðar en telur samt að þeim hafi ekki leiðst í tímunum. Guðrún Helgadóttir ályktar að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir að kynin geta þurft ólík viðfangsefni, ólíkt námsumhverfi og ólíkar kennsluáðferðir og telur að virða eigi margbreytileikann.¹²³ Halldóra Bjarnadóttir lagði upp með sömu verkefni fyrir bæði kynin í Barnaskóla Akureyrar árið 1911 í fyrstu tveimur bekkjunum en síðan skyldu leiðir.¹²⁴ Þetta er kannski það sem þarf að horfa til í dag vegna þess að kynin eru svo ólík, ekki fara eingöngu eftir jafnréttissjónarmiði heldur að horfa á hvort kynið fyrir sig.

5.3.5 *Bóklegt nám*

Þrír viðmælenda okkar bjóða upp á bóklegt nám í textílmennt eða efnisfræði en töluðu jafnframt um það að ekkert námsefni væri til. Katrín sem er með lengstan starfsaldur hefur aldrei boðið upp á bóklegt nám í textílmennt fyrir grunnskólann í þessum fræðum heldur kynnti hún efnin sem hún var með í höndunum hverju sinni fyrir nemendum. Í *Námsskránni* frá 1960 og *Aðalnámsskránni* frá árunum 1977, 1989 og 1999 kemur fram að nemendur þurfi að kunna skil á hinum ýmsu textílefum.

5.3.6 *Nauðsyn*

Viðmælendur okkar eru sammála um það að handavinnukennsla sé nauðsynleg í grunnskólum til að nemendur læri að bjarga sér og geti búið eitthvað til ánægjunnar vegna. Eins er gott að brjóta upp daginn því nemendur endast ekki til að sitja endalaust en Ásta heldur að handavinna hjálpi til í öðrum fögum líka. Þura bendir á að þau viðhorf sem segja að ef þú ferð í verklegt nám þá getur þú ekki lært á bókina eigi ekki rétt á sér. Jónas Jónsson lagði áherslu á að námið væri þríþætt verklegt, bóklegt og hreyfing og að allir hlutar séu jafn mikilvægir.¹²⁵ Guðmundur Finnbogason vildi að jafnræði væri milli greina því skólaiðnaður muni veita nemendum andlegan og líkamlegan þroska sem geti komið þeim að góðu í daglegu lífi.¹²⁶

¹²³ Guðrún Helgadóttir 1997b:203

¹²⁴ Halldóra Bjarnadóttir 1912:9-10

¹²⁵ Eggert Þór Bernharðsson 1985:96-97

¹²⁶ Guðmundur Finnbogason 1994:104

5.4 Sköpun

Katrín, Þura og Ásta sögðu að þær hefðu verið með ákveðin verkefni þar sem nemendur hefðu fengið að teikna og útfæra myndir í púða eða veggteppi. Katrín nefndi að í eldri bekkjum þá sköpuðu nemendur sjálfir, teiknuðu, saumuðu og útfærðu sínar eigin hugmyndir og að útkoman hafi verið glæsileg.

Sóley velti fyrir sér hvað það merkti að skapa sjálfur en það sé hægt að túlka það á marga vegu en best er að ákveða það fyrirfram hvert markmiðið á að vera:

Í fyrsta lagi hvað er að skapa sjálfur? Hvað er ætlast til að nemendur geri og hvernig er nálgunin á því? Líka hvernig á að nýta tímann? Hvað er lögð áhersla á? Hvaða færni hafa þau? Hvaða þekkingu hafa þau? Þurfa þau að kunna eitthvað ákveðið í aðferðinni, verklega séð áður en þau fara að skapa eða ekki? Ef farið er að ræða hvað viltu þrjóna þá geta þau sagt: „Ég vil þrjóna sokka“ en það eru engar forsendur fyrir því. Þannig að við verðum að ákveða og afmarka eitthvað og innan þess ramma verður sköpunin að fara fram. Það er ákveðin hefting en það er ákveðin sköpun samt.

Henni finnst það vera ákveðin sköpun ef hugmyndin er fengin að láni eins og til dæmis þegar að þú sérð peysu í búð, kaupir þér garn, ferð heim og þrjónar svipaða peysu, en svo er spurning hvað má bæta við hana. En eins og Katrín benti á þá er helmingurinn af vinnunni frá nemendunum sjálfum komið. Sköpun getur átt sér stað þótt kennari sé með ákveðin verkefni en nemendur eiga að útfæra eftir eigin hugmyndum. Í *Aðalnámskrám grunnskóla* frá árunum 1977 og 1989 er talað um að efla eigi sköpunarhæfileika nemenda. Í *Aðalnámskránni* árið 1999 er miklu meira lagt upp úr því að sköpun sé nemendum nauðsynleg til að mæta kröfum nútímaþjóðfélagsins.¹²⁷

Konurnar sem við töluðum við eru allar sammála um nauðsyn þess að nemendur fái að skapa sjálfir en tvær tóku sérstaklega fram að ákveðin þekking þyrfti að komast til skila þó grunnurinn þurfi alltaf að vera fyrir hendi og þannig er hægt að bæta við meiri þekkingu. Halldóra Bjarnadóttir taldi mikilvægt að skapa hluti og vinna með höndunum. Hún taldi að best væri að fara stig af stigi með létt, smá og fljótleg verkefni.¹²⁸ Dewey talar um virka þátttöku og áhuga nemenda en byggja verður ofan á fyrri reynslu þeirra.¹²⁹ Við álítum það vera nauðsynlegt að grunnurinn sé góður svo hægt sé bæta ofan á fyrri þekkingu.

¹²⁷ *Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar* 1999:7

¹²⁸ Halldóra Bjarnadóttir 1945:37-42

¹²⁹ Gunnar Ragnarsson 2000b:11-19

5.4.1 Markmið

Ingvar Sigurgeirsson fjallar um markmið í góðri handavinnukennslu í bók sinni *Litróf kennsluáðferðanna*. Hann segir að þau séu ekki bara að kenna vinnubrögð heldur er verið að efla skilning á efni og efnismeðferð líka. Eins á kennslan að auka leikni í að vinna sjálfstætt, þroska skapandi hugsun og móta jákvæð viðhorf.¹³⁰

Þura, Katrín, Sóley og Ásta voru þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að vekja áhuga nemenda á handavinnu, efla sköpunargleðina og gera þá sjálfbjarga. Nauðsynlegt er að halda við handverki og að kunnátta á mismunandi aðferðum gleymist ekki. Að þeirra mati er handavinna róandi og gefandi tómstundastarf. Komið er inn á alla þessa þætti í *Aðalnámskrá* 1999: sköpun, vekja áhuga, kunnáttu, gera nemendur sjálfbjarga,¹³¹ eins er minnst á tómstundastarf í *Aðalnámskrá* frá árinu 1989.¹³² Að okkar mati er ekki nógu mikið gert af því að fá nemendur til að líta á handavinnu sem tómstundir og að það er hægt að gera handavinnu heima í stað þess að fara bara í tölvuna.

5.5 Breytingar

Ásta var sú eina sem var sjálf í blönduðum bekk í smíðum og saumum á sínum grunnskólaárum og finnst hitt fyrirkomulagið óréttlátt. Drengirnir eru alveg jafn duglegir og stúlkurnar en þær vanda sig meira og afkasta meiru. Hún telur að það henti ekki alltaf að hafa sömu verkefni fyrir bæði kynin en erfiðara sé að finna eitthvað við hæfi drengjanna. Hún reynir eins og hægt er að blanda saman gömlum og nýjum verkefnum. Hún telur að nemendur gætu ekki saumað harðangursdúk 12 ára gömul eins og móðir hennar gerði. Þeir hafa ekki þessa þolinmæði nú eða þennan áhuga sem áður var. Það skiptir svo miklu máli að hafa áhugann til að tileinka sér verklagið og ná árangri. Halldóra Bjarnadóttir lagði ríka áherslu á að vekja áhuga nemenda á handavinnu.¹³³

Sóley og Þura voru „handavinnusjúklingar“ þegar þær voru í grunnskóla. Þura var ekki sátt við þá ákvörðun að drengir kæmu inn í textílmennt því um leið var kennslan minnkuð um helming. Að hennar mati hefur handavinnan breyst gífurlega mikið því áður fyrr voru bara skyldustykki. „Maður heklaði blúnduna kringum koddaverið sem maður var búin að

¹³⁰ Ingvar Sigurgeirsson 1999b:86-87

¹³¹ *Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar* 1999:37-57

¹³² *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:88

¹³³ Halldóra Bjarnadóttir 1945:38

sauma stafina sína út í, á heklunál númer 2 og allt þetta.“ Sóley sagði að hún hefði verið fjóra tíma á viku í handavinnu allan veturinn en það er helmingi meira en börn fá í dag. Það segir heilmikið um breytingarnar sem orðið hafa á greininni. Viðmælendur okkar voru allir sammála um að textílmennit í dag væri í rauninni bara kynning á ýmsum þáttum handavinnu og að hún sé ekki eins mikil í umhverfi barna eins og áður. Guðrún Helgadóttir álitur að miðað við þær aðstæður sem textílmennit búi við í dag geti greinin ekki orðið mikið annað en kynning.¹³⁴ Viðmælendur okkar sögðu að áður fyrr hefðu nemendur farið með handavinnuna heim og fengið hjálp þar en það er löngu búíð að vera. Af hverju skyldi það vera?

Katrín dregur þá ályktun að allt breytist með tískustraumum og nú þegar bútasaurinn er orðinn mjög vinsæll þá virðist það vera á kostnað útsaumsins. Hún telur að það séu ekki margir í dag sem kunna hvítsaum, svartsaum eða refsisaum og tók dæmi í sambandi við íslenska krosssauminn „hann datt bara inn, kom í tísku, í raun og veru er það tískan sem stjórnar.“

Orsökkin fyrir breytingunni telja þær vera tímaleysi. Fólk hefur um svo margt að velja. Samfélagsbreytingarnar sem hafa orðið: þar sem mömmur og ömmur eru ekki lengur heima til að aðstoða börnin. Eins minnst þær á að saumavélin sé að verða mjög fágætt verkfæri á heimilunum. Ódýrara er að kaupa það sem þarf heldur en að setjast niður og sauma eða þrjóna hlutina. Þura sagði: „Við erum alltaf að reyna að einfalda stykkinn vegna þess að krakkarnir kunna alltaf minna og minna enda þjálfunin minni og minni.“

Það kom mjög á óvart að saumavélar séu að verða fágæt tæki þar sem við höfum alist upp við saumavélar uppi á borði alla tíð og við héldum að það væri jafn nauðsynlegt að eiga saumavél eins og borvél. Í doktorsritgerð Guðrúnar Helgadóttur kemur fram að áður fyrr var saumavél móðurinnar heilög en saumavél föðurins, sem var verksmiðjuvél, mátti alltaf nota. Eins kom þar fram að sumir viðmælendur Guðrúnar höfðu aðgang að saumavél alveg frá unga aldri.¹³⁵

Katrín sagðist vera hrædd um að einn góðan veðurdag verði bara til prufur og enginn kunni neitt í handavinnu, maður fer þá bara á Þjóðminjasafnið og sér það þar.

¹³⁴ Guðrún Helgadóttir 1997b:202

¹³⁵ Guðrún Helgadóttir 1997a:314-316

5.5.1 *Kyn*

Sóley vill kynjaskipta í textílmennt hjá eldri nemendum vegna þess að þá eru þeir orðnir svo uppteknir af því að gera sig til fyrir hvort annað en þá fer minni tími í námið sjálft. Eins eru áhugamál þeirra ólík og þess vegna væri betra að hafa verkefni sem höfða betur til annars vegar stúlkna og drengja hins vegar.

Að mati þuru hefur kynjaskiptingin bæði kosti og galla.

Ég er ekki frá því að strákunum finnist þeir vanmáttugri gagnvart stelpunum, eða haldi að þeir eigi að vera það. Það fer eftir hópum og einstaklingum. Svo hafa þau ægilega gaman af því að spjalla saman og stelpurnar hjálpa strákunum og svoleiðis. Þetta fer líka mikið eftir hópum. Ég hef litla reynslu af kynjaskiptingu því ég hef ekki verið inn á því en samt fer það eftir hópum. Ef strákarnir eru alveg í mínus yfir því að stelpurnar séu betri þá finnst mér að það eigi að kynjaskipta. Annars finnst mér að þau eigi að geta gert þetta saman, jafnt strákar og stelpur. Ég held líka að ef maður fer að kynjaskipta þá fari maður ósjálfrátt að velja verkefni eftir kynjum.

Katrín álítur að kynjaskipting geti verið réttlæt看leg en það fer eftir því hvaða markmiðum kennarinn ætlar að ná. Hún sagði að stundum mættu hóparnir vera minni til að kennarinn geti stutt betur við bakið á þeim sem hafa virkilegan áhuga. Að mati Halldóru Bjarnadóttur átti fyrst að kenna drengjum og stúlkum það sama en þegar þau yrðu eldri áttu verkefnin að verða frábrugðin. Stúlkurnar áttu að sauma og þrjóna utan á sig en drengirnir að gera vinnusvuntur og skólatöskur. Eins segir hún að til þess að fræðslan komist til skila verður að gæta þess að hafa ekki of mörg börn saman í hóp.¹³⁶

5.5.2 *Tíska*

Viðmælendur okkar hafa boðið upp á mjög mikla fjölbreytni í textílmennt en þar kemur tískan mikið inn í segja þær. Þura minnst á að hekl hafi alveg dottið út úr *Aðalnámskránni* 1989 og ekki komið inn aftur fyrr en 1999 og hafi hún velt því fyrir sér af hverju það hafi verið. Hún telur að kennarar hafi bara gefist upp á að kenna hekl þegar strákarnir komu inn í handavinnutímana. Í *Aðalnámskránni* 1989 var aðeins boðið upp á hekl sem val fyrir nemendur í áttunda og níunda bekk. Kannski er það ástæðan fyrir því að hekl var ekki kennt á þessum árum þar sem kennarar létu námskrána stýra sér. Katrín sagði að heklið hefði nánast horfið á þessum tíma. Það sem var ekki í tísku var bara hallærislegt.

¹³⁶ Halldóra Bjarnadóttir 1926:86-87

Katrín sagði að tískan hefði ráðið ferðinni til dæmis þegar bútasauður kom inn. Þá lét hún nemendur blása lit á efnisbúta sem voru svo saumaðir saman. Hún man sérstaklega eftir nokkrum strákum sem notuðu þessa aðferð og gerðu sér þessi svakalega flottu rúmteppi sem þeir meira að segja þræddu saman sjálfir. Hún telur að allt sé hægt þegar myndast góðir hópar.

Ásta og Sóley buðu báðar upp á þæfingu í flestum bekkjum eftir að þæfingin kom í tísku. Eins og fram hefur komið í þriðja kafla taldi Halldóra Bjarnadóttir að fylgja þyrfti kröfum hvers tíma fyrir sig.¹³⁷ Þannig má sjá að Halldóra var mjög framsýn þar sem hún bendir á að nauðsynlegt sé að fylgja þeim straumum sem eru í þjóðfélaginu hverju sinni. Þetta álitum við að viðmælendur okkar hafi allar gert og verði að gera til þess að höfða til nemenda.

5.5.3 *Sýning*

Þura hafði aldrei haldið sýningu á verkum nemenda sinna og reiknaði ekki með því að það yrði gert. Ásta og Sóley höfðu báðar haldið sýningu á handavinnu nemenda en ákváðu að gera það ekki aftur þar sem engir peningar eru til að borga þeim fyrir aukavinnu í kringum hana. Ásta segist ekki halda sýningu bara ánægjunnar vegna en aftur á móti ákvað hún að taka myndir af öllu sem nemendur gera í handavinnu og setja þær inn á heimasíðu skólans þannig að allir geti séð hvað þeir eru að vinna að. Henni finnst mjög mikilvægt að gera vinnu nemenda sýnilega.

Áður fyrr var Katrín með handavinnusýningu á hverju vori ásamt flestum hinum kennurunum við skólann þar sem hún starfar. Einhvern veginn lognaðist þetta út af. Kannski vegna mikillar vinnu kringum sýninguna og líka því að það voru ekki allir kennararnir tilbúnir til að taka þátt í sýningunni enda lenti vinnan meira á sumum en öðrum. Þegar var farið að tvískipta handavinnukennslunni niður í hálfan vetur í smíði og hálfan vetur í saumum þá var erfitt að geyma munina. Nemendur vildu fara með þá strax heim þar sem þeir höfðu svo mikla ánægju af því að gefa afrakstur sinn. Halldóra Bjarnadóttir var fylgismaður sýningahalds og lagði hún til að landssýning yrði haldin á tíu ára fresti þar sem allir skólar landsins sameinuðust og sýndu muni nemenda sinna.¹³⁸

¹³⁷ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1960:112

¹³⁸ Halldóra Bjarnadóttir 1931:58-60

Mörgum árum eftir að hún kynnti þessa hugmynd skrifar Halldóra í *Hlín* og kemur inn á að skólasýningar séu haldnar á hverju vori um allt land. Hún segir þær mjög vel sóttar og að þær hafi holl og góð áhrif.¹³⁹ Eins sagðist hún aldrei hafa séð eins mikla sigurgleði lýsa úr augum nemenda eins og þegar þeir benda vandamönnum á sína vinnu sem vel er unnin.¹⁴⁰ Sóley sagði að einstaka sinnum við afmæli skólans eða á vordegi, hafi verið haldin sýning sem foreldrafélagið sér um. Hafþór Guðjónsson sagði að það „stórkostlegasta“ sem hann upplifði á sinni skólagöngu hafi verið þegar hann fór með foreldrum sínum á handavinnusýningu. Þar blasti við honum árangur vetrarins. Hlutir sem hann hafði skapað sjálfur.¹⁴¹ Guðrún Helgadóttir telur að ekki þurfi eingöngu að hafa handavinnusýningu að vori heldur sé til dæmis hægt að vinna veggspjald með skýringum á ákveðinni aðferð, bjóða upp á tískusýningu á bekkjarkvöldi eða árshátíð til að vekja athygli og fræða aðra um hvað er að gerast í textílmennt.¹⁴² Góður punktur!

5.5.4 Gamlar handverksaðferðir

Allir kennararnir sem við töluðum við voru sammála um að varðveita skuli gamlar handverksaðferðir en ekki eru þeir á sama máli um það hvernig það skuli gert. Ásta er sú eina sem telur að hægt sé að bjóða nemendum innan grunnskólans að læra aðferðirnar en verkefnið megi ekki vera of erfið. Þura sagði að grunnskólinn hefði ekki möguleika á að gera það. Þar verði að horfa til framhaldskólanna. Katrín var ekki viss um að það myndi ganga í grunnskólanum en telur að þegar fólk er orðið fullorðið og fær áhuga á gömlum aðferðum þá fer það bara á námskeið. Sóley fannst þrjón ekki vera gömul handverksaðferð þar sem það sé lifandi í dag. Þetta segir okkur það að viðmælendur okkar líti mismunandi augum á gamlar handverksaðferðir en við töldum að þrjón væri aldargömul handverksaðferð sem bæri að varveita.

5.5.5 Framtíð

Þegar spurt var um framtíð textílmenntar var Ásta svolítið hrædd um að einhver markmið kæmu til með að detta út úr *Aðalnámskránni* og að tímafjöldinn í textílmennt myndi skerðast enn frekar. Þura og Katrín vildu aftur á móti sjá aukin tímafjölda í textílmennt en Sóley var þeirrar skoðunar að ef það á að halda uppi einhverju skapandi starfi þá verði að

¹³⁹ Halldóra Bjarnadóttir 1957:93

¹⁴⁰ Halldóra Bjarnadóttir 1945:43

¹⁴¹ Hafþór Guðjónsson 2002

¹⁴² Guðrún Helgadóttir 1996a

kenna textílmennt. Textílkennararnir sögðu allir að nemendur öðlist enga færni í greininni eins og kennslan eða tímafjöldinn er í dag. Þura sagði:

í heildina eru þetta ekki nema fjórtán vikur, tvær kennslustundir í viku. Það segir sig sjálft að nemendurnir læra ekki mikið á þeim tíma og ef þeir verða veikir og missa úr þá styttest tíminn ennþá meira. Svo getur liðið heilt ár þangað til þeir fá aftur handavinnukennslu þannig að það gefur augað leið að þeir öðlast ekki mikla færni í greininni.

Katrín sagði að það að ná ekki færni í verklegum greinum sé eins og að kunna ekki að lesa. Nemendur þurfa að fá meiri tíma til að öðlast meiri þekkingu. Spurningin er hvort við viljum sjá börnin okkar vaxa úr grasi í framtíðinni og verða sjálfbjarga í verki með því að tengja saman hug og hönd. Ef svo á að verða er nauðsynlegt að breyta uppbyggingu textílmenntar strax. Það þarf að fjölga kennslustundunum það er ekki eftir neinu að bíða.

6 Lokaorð

Frá upphafi textílkennslu á Íslandi hefur greinin gengið í gegnum miklar breytingar. Fyrstu áratuginu var textílmennt ekki ein af námsgreinum grunnskólans. Hún kemur ekki inn að neinu ráði fyrr en með fræðslulögum 1946. En þá hafði Halldóra Bjarnadóttir sem var brautryðjandi í handavinnukennslu í skólum landsins lagt áherslu á að kennt yrði þrjón, saumaskapur og útsaumur. Guðmundur Finnbogason og Jónas Jónsson lögðu grunninn að verkmenntun og var áhersla þeirra, eins og hjá John Dewey, að nemendur lærðu með því að framkvæma hlutina.

Miklar breytingar verða með *Aðalnámskrá grunnskóla* árið 1977. Jákvæðu breytingarnar voru þær að drengir fengu að læra textílmennt til jafns á við stúlkur en neikvæðu breytingarnar voru þær að stundafjöldi greinarinnar var skorinn niður um helming á hvern nemanda. Í byrjun var talið að þessi breyting myndi ekki hafa áhrif á textílkennsluna en annað hefur komið á daginn. Ný kynslóð er vaxin úr grasi sem hefur fengið helmingi minni kennslu í textílmennt en kynslóðirnar á undan. Komið hefur í ljós að flókin og vandasöm tækni í vinnubrögðum lærist ekki á þeim stutta tíma sem textílmenntinni er ætlaður. Það má því segja að textílmennt er ekkert annað en kynning í dag miðað við þann tímafjölda sem greinin fær. Skyldustykki greinarinnar hafa einfaldast til muna og þar sem áður var lögð áhersla á vandvirkni er í dag lögð meiri áhersla á sköpunarþáttinn. Þó að nauðsynlegt sé að örva sköpunarþáttinn er ákveðin færni og kunnátta að glatast á milli kynslóða.

John Dewey setti fram þá hugmynd að þær námsgreinar sem veittu möguleika á tjáningu og sköpun væru lyklar að öllu námi. Nútímasamfélagið þarfnast einstaklinga sem hafa mikið hugmyndaflug og áræðni til að leita nýrra lausna á vandamálum. Guðmundur Finnbogason og Jónas Jónsson álitu að heill þjóðarinnar væri menntun og nauðsynlegt væri að þroska sköpunarhæfileika einstaklinga. Ef nemendur eru hvattir til skapandi hugsunar, mætti fyrr vænta lausna á mörgum vandamálum sem reynst hafa þung í skauti og því gæti skapandi hugsun verið kveikjan að farsælum framförum í samfélaginu. Mikilvægt er að varðveita þann menningararf sem þjóðin hefur byggt upp í handverki í gegnum tíðina. Guðrún Helgadóttir telur að ef við eigum að ná þeim markmiðum að varðveita handverkið verði að auka vægi textílmenntunar.

Textílmennt gerir lífið fjölbreyttara auk þess sem það er hverjum nemanda mikilvægt að fá að sýna hvað í honum býr með listsköpun sinni. Halldóra, Jónas, Guðmundur, Dewey og Guðrún eru í raun öll sammála um að hugurinn stjórni höndinni. Halldóra Bjarnadóttir var mjög hlynnt sýningarhaldi á handavinnu nemenda. Taldi hún það mjög jákvætt til að auka sjálfstraust og áhuga nemenda, að þeir gætu sýnt afrakstur vinnu sinnar með formlegum hætti. Nú á tímum tölvuvæðingar ætti það ekki að vera erfitt fyrir kennara að gera vinnu nemenda sýnilega með ljósmyndum af verkum þeirra inn á heimasíðum skólanna og ná þannig að upphæfja textílmenntina eins og Halldóra taldi að sýningar gerðu.

Það sem við lögðum af stað með í upphafi hefur breyst að einhverju leyti en markmiðið hefur haldist það sama; að kynnast þróun textílkennslu frá árinu nítján hundruð til ársins tvöþúsund og fimm og fræðast um þær breytingar sem hafa orðið á þeim tíma. Höfundar láta lesendum eftir að svara þeirri spurningu hvort þeir hafi fræðst á umfjölluninni um textílkennslu, en hægt er að fullyrða að töluverðar breytingar hafa orðið á greininni þessa einu öld sem umfjöllunin spannar.

Ekki er úr vegi að enda á orðum Halldóru Bjarnadóttur sem var ein helsta baráttukona handavinnukennslu á öldinni, en hún segir:

*Öll menning er byggð á fortíðinni. – Það þurfum við
að muna og í heiðri halda.
Það er þrinnað fortíð, nútíð og framtíð!
Bandið þarf að vera haldgott og snuðrulaust!¹⁴³*

¹⁴³ Halldóra Bjarnadóttir 1957:96

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. 1989. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla. Mynd- og handmennt. 1977. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Armstrong, Dr. Thomas. 1998-2000. *Multiple intelligences*. Tekið af netinu 3. mars 2007, vefslóðin er: http://www.thomasarmstrong.com/multiple_intelligences.htm

Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. Erla Kristjánsdóttir þýddi. Reykjavík, JPV útgáfa.

Bjarni Daníelsson, Guðrún Helgadóttir, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. 1982. *Í helgreipum bóknámsrembunnar*, um þróun og stöðu mynd- og handmenntakennslu í íslenskum skyldunámsskólum. Reykjavík, kennsluritgerð Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, John. 1897. *My pedagogic creed*. Tekið af netinu 6. apríl 2007, vefslóðin er: <http://www.infed.org/archives/e-texts/e-dew-pc.htm>.

Dr. Bragi Jósefsson. 1968. Jónas Jónsson frá Hriflu og afskipti hans af skólamálaum. *Menntamál* 41:257-270.

Dr. Guðrún Helgadóttir. 2006. *Curriculum Vitae*. Tekið af netinu 4. mars 2007, vefslóðin er: <http://www.holar.is/starfs/gudr/cvisl.htm>

Edelstein, Wolfgang. 1988. *Skóli, nám, samfélag*. Reykjavík, Iðunn.

Eggert Þór Bernharðsson. 1985. Án góðrar menntunar yrðu engar framfarir á Íslandi. *Á aldarafmæli Jónasar frá Hriflu*. Gylfi Gröndal (sá um útgáfu). Reykjavík, Samband Íslenskra Samvinnufélaga.

Gardner, Howard. 1993. *Frames of mind. The Theory of Multiple Intelligences*. 2nd edition. London, Fontana press.

Guðjón Friðriksson. 1991. *Með sverðið í annarri hendi og plóginn í hinni*. Saga Jónasar Jónassonar frá Hriflu. Reykjavík, Iðunn.

Guðmundur Finnbogason. 1994. *Lýðmenntun. Hugleiðingar og tillögur*. Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Guðmundur Sveinsson. 1985. Heimilið, skólinn og kirkjan-máttarstólpar þjóðfélagsins. *Á aldarafmæli Jónasar frá Hriflu*. Gylfi Gröndal (sá um útgáfu). Reykjavík, Samband Íslenskra Samvinnufélaga.

- Guðrún Hannele Henttinen. 2003. Velja konur mjúku efnin eða velja mjúku efnin þær? *Hugur og hönd*:28-30.
- Guðrún Helgadóttir. [án árs]. *Halldóra Bjarnadóttir (1873-1981). A case history of a promoter*. University of British Columbia.
- Guðrún Helgadóttir. 1990. Niðurstöður úr könnun á viðhorfum mynd-og handmenntakennara. *Handmennt* 7:12-15.
- Guðrún Helgadóttir. 1996a. *Hlutverk kennara í þróun kennslugreinar*. Fyrirlestur fluttur á námskeiði handavinnukennara 10. júní 1996.
- Guðrún Helgadóttir. 1996b. *Blindgötur og krákustígar*. Námsframboð á sviði sjónlista. Handverk og listhandverk, menntun og atvinna. Fyrirlestrar: Málþing Handverksreynsluverkefnis og Heimilisiðnaðarfélags Íslands.
- Guðrún Helgadóttir. 1997a. Icelandic craft teacher's curriculum identity as reflected in life histories. The University of British Columbia. [Ópr. doktorsritgerð].
- Guðrún Helgadóttir. 1997b. Samkennt kynjanna í hannyrðum og smíði. Skref í átt til jafnréttis? *Íslenskar kvennarannsóknir* (1995:Reykjavík). Helga Kress og Rannveig Traustadóttir ritstjórar. Reykjavík, Háskóli Íslands og Rannsóknastofa í kvennafræðum.
- Guðrún Helgadóttir. 2000. Handlistir við aldahvörf: Varðveisla og nýting. *Hugur og hönd* :44-46.
- Guðrún Geirsdóttir. 1997. Námskrágerð, námskrárfræði og kennarar. *Uppeldi og menntun*:109-119. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Gunnar Ragnarsson. 2000a. Inngangur. *Hugsun og menntun*. (bls. 13-37) Gunnar Ragnarsson þýddi. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Gunnar Ragnarsson. 2000b. Inngangur. *Reynsla og menntun*. (bls. 9-33) Gunnar Ragnarsson þýddi. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Hafþór Guðjónsson. 2002. Hvert stefnir? Hvað fór úrskeiðis? Tekið af netinu 5. febrúar 2007, vefslóð: <http://netla.khi.is/greinar/2002/017/index.htm>
- Halldóra Bjarnadóttir. 1912. Handavinnukensla í skólunum. *Skólablaðið* 6,1:7-12.
- Halldóra Bjarnadóttir. 1914. Handavinnukenslan í barnaskólunum. *Skólablaðið* 8,3:41.
- Halldóra Bjarnadóttir. 1926. Handavinnan í barnaskólunum. *Hlín* 10:86-88.
- Halldóra Bjarnadóttir. 1931. Námskrá í handavinnu og skólasýning. *Hlín* 15:58-60.
- Halldóra Bjarnadóttir. 1945. Handavinna í Barnaskólum. *Hlín* 28:37-45.
- Halldóra Bjarnadóttir. 1950. Barnaskóli Akureyrar, 1908-1918. *Hlín* 32:61-62.
- Halldóra Bjarnadóttir. 1957. Heimilisiðnaður. *Hlín* 39:92-96.

- Halliburton, David. 1997. John Dewey: A voice that still speaks to us. *Change*, 29,1:24-30. Tekið af netinu 5. febrúar 2007, vefslóðin er: <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=11135182&sid=1&Fmt=4&clientId=58040&RQT=309&VName=PQD>
- Hartman, Sven. 1983. John Dewey – faðir framsækinnar uppeldisfræði. *Uppeldi og skólastarf. Úr fórum fræðimanna*. Ingibjörg Ýr Pálmadóttir og Indriði Gíslason þýddu. Ritroð Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík, Iðunn.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999a. *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík, Æskan ehf.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999b. *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík, Æskan ehf.
- Loftur Guttormsson. 2005. Skólahugmyndir Guðmundar Finnbogasonar. *Andans arfur*. Tíu erindi um manninn, fræðimanninn, menntafrömuðinn, sálfræðinginn og bókfræðinginn Guðmund Finnbogason. Trausti Þorsteinsson og Bragi Guðmundsson ritstjórar. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Lög um fræðslu barna*. 59/1907.
- Lög um fræðslu barna*. 40/1926.
- Lög um fræðslu barna*. 94/1936.
- Lög um fræðslu barna*. 22/1946.
- Lög um fræðslu barna*. 34/1946.
- Menntamálaráðuneytið*. 2007. Tekið af netinu, vefslóðin er: <http://menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/3953>
- Myhre, Reidar. 2001. *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Bjarni Bjarnason þýddi. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri*. 1960. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Rósa Kristín Júlíusdóttir. 2005. Með teikningu verður þekking ekki dauður bókstafur, heldur lifandi athöfn. *Andans arfur*. Tíu erindi um manninn, fræðimanninn, menntafrömuðinn, sálfræðinginn og bókfræðinginn Guðmund Finnbogason. Trausti Þorsteinsson og Bragi Guðmundsson ritstjórar. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Rúnar Sigþórsson. 2003. Námsaðlögun og fjölgreindir. *Samkenntsla árganga*. Tekið af netinu 28. febrúar 2007, vefslóðin er : <http://skolar.skagafjordur.is/sfs/namsadlogun.php>
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. 1960. *Halldóra Bjarnadóttir. Ævisaga*. Reykjavík, Setberg s.f.

Fylgiskjal 1

Spurningar til kennara

Almennt

Hvaða menntun hefur þú sem handavinnukennari?

Hvenær útskrifaðist þú og hvað hefur þú kennt lengi?

Hvað kenndir/kennir þú handavinnu oft í viku?

Voru/eru þessir tímar vinsælir?

Var/er haldin sýning á handavinnunni í lok skólaársins?

Fengu/fá nemendur að skapa sjálfir?

Fannst/finnst þér mikilvægt að nemendur fái sjálfir að vinna hugmyndavinnu, skapa?

Fannst/finnst þér aðalnámskrá hafi stýrt þinni kennslu og þá hvernig?

Prjón

Var/er kennt að prjóna? Á hvaða aldri?

Ef svar er nei, þá hvenær var því hætt? Hvernig fannst þér það ?

Er mikilvægt að kenna að prjóna? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Á hvaða aldri var/er byrjað að kenna nemendum að prjóna ?

Var/er báðum kynjum kennt að prjóna?

Hvaða prjón lærðu/læra nemendur fyrst?

Hver voru/eru skyldustykkinn í prjóni?

En voru/eru frjáls verkefni?

Saumaskapur

Var/er fatasaumur kenndur?

Ef svar er nei, þá hvenær var því hætt? Hvernig fannst þér það ?

Er mikilvægt að kenna að sauma?

Hvað var/er kennt í saumaskap og hvers vegna ?

Fengu/fá nemendur að sauma eftir eigin vali?

Var/er nemendum kenndur útsaumur?

Að lokum

Hvaða aðrar textíl/handavinnugreinar voru/eru kenndar í þínum skóla? Hekl, vefnaður, tauprykk, þæfing eða ?

Hvernig finnst þér skólahandavinna hafa breyst frá því þú varst ung og á þeim tíma sem þú varst/ert að kenna?

Hver telurðu að sé örsökin? Eru það þjóðfélagsbreytingar, eða eitthvað annað?

Á að varðveita/kenna gamlar handverksaðferðir ? Hvers vegna og hvað þá helst?

Hefur þú eitthvað bóklegt nám í þinni handavinnukennslu?

Telur þú að handavinnukennsla í skólum sé nauðsynleg og þá hvers vegna?

Hvert er markmið þitt með handavinnukennslu?

Hvernig sérð þú handavinnukennslu fyrir þér í framtíðinni?